**ÞORGERÐUR EDDA HALL**
*Eldar mexíkóska súpu fyrir ungt tónlistarfólk*
• matur • helgi
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**STELLA RÓSENKRANZ**
*Færi aldrei í hvítar gallabuxur*
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**RAGGA GRÖNDAL OG FINNI:**
*Klikkaður og rómantískur dúett í bíómynd*



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. ágúst 2009 — 185. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

**FÖSTUDAGUR**



**Vin í skóglausu landi**
Skrúðgarðurinn Skrúður að Núpi í Dýrafirði er 100 ára í dag.
TÍMAMÓT 20

**Flytur til Texas**
Guðjón Bergmann sinnir jóga og heimilisstörfum meðan eiginkonan lýkur háskólanámi.
FÓLK 34



**Peningamálasamstarf**
„Bráðavandinn sem Ísland stendur nú frammi fyrir stafar ekki síst af veikri stöðu krónunnar", skrifar Eiríkur Bergmann.
Í DAG 18



**Gervigrasvígið féll**
FH varð fyrsta liðið til þess að sigra á Stjörnuvelli í sumar.
ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SKÚRIR** Í dag verða hægar suðlægar áttir. Skúrir sunnan og vestan til annars úrkomulítið og bjart með köflum norðan og austan til. Hætt við síðdegisskúrum nyrðra. Hiti 12-20 stig, hlýjast NA-til.
VEÐUR 4




# Svört skýrsla um Hróarskeldubanka gæti nýst Íslendingum

**Danskir rannsakendur telja stjórnendur Hróarskeldubanka hafa brotið fjölmörg lög í aðdraganda hruns hans í fyrra. Formaður FME og sérstakur saksóknari segja mögulegt að skýrslan nýtist við rannsóknina hér.**

**VIÐSKIPTI** Sérstakur saksóknari og forstjóri Fjármálaeftirlitsins telja að nýútkomin skýrsla danskra lögfræðinga um fall Hróarskeldubanka, þar sem líkur eru leiddar að umfangsmiklum lögbrotum stjórnenda, kunni að nýtast við rannsókn mála hérlendis.

Danska ríkið tók Hróarskeldubanka yfir fyrir rétt tæpu ári og í febrúar fyrirskipaði skilanefnd bankans lögfræðirannsókn á störfum fyrrverandi stjórnarmanna og stjórnenda bankans árin fyrir hrun. Lögfræðingarnir hafa nú komist að því að líklega hafi verið framin fjölmörg lögbrot við stjórn bankans, og tína ýmislegt til.

Meðal þess má nefna hugsanleg umboðssvik bankastjórans Niels Hansen, sem í skýrslunni er sagður bera höfuðábyrgðina á hvernig fór. Umboðssvik eru refsiverð og snúast um það að maður, í þessu tilfelli bankastjóri, misnoti aðstöðu sína sér og sínum til hagsbóta en umbjóðendum sínum til tjóns.

Þá eru nefnd til sögunnar möguleg brot á lögum um hlutafjárútboð – þannig hafi bankinn sjálfur og tengdir aðilar keypt mikið í bankanum í slíkum útboðum. Þá séu vísbendingar um blekkingar í garð fjármálaeftirlitsins og almennings og auk þess hafi verið brotið gróflega gegn lögum um upplýsingaskyldu til eftirlitsaðila. Sum af þessum brotum kunni að varða við hegningarlög. Þá sé sennilegt að of mikil áhættusækni og óskynsamleg fjárfestingastefna bankans varði við hlutafélagalög.

Í samráði við fjármálaeftirlitið í Danmörku verður ákveðið hvort skaðabótamál verður höfðað gegn gömlu stjórnendunum, og hugsanlega refsimál.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segist ekki geta sagt til um hvort þessara tilteknu brota hafi orðið vart hérlendis, en að forvitnilegt væri að skoða skýrsluna. „En við höfum til dæmis séð stórar lánveitingar án veða, lán til að hífa upp gengi hlutabréfa – mjög grófa misnotkun þar – og innherjaviðskipti í stórum stíl."

Þegar hafi mörg mál verið send sérstökum saksóknara. „Áður en yfir lýkur verðum við örugglega búin að sjá öll dæmi sem hægt er að hugsa sér," segir Gunnar. Lögin í Danmörku séu mjög sambærileg því sem hér gerist, enda að stórum hluta um staðlaðar evrópskar reglur að ræða.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir vert að kynna sér niðurstöður dönsku rannsóknarinnar og athuga hvort þar sé að finna upplýsingar sem hafi þýðingu fyrir Íslendinga. **- sh**



**STEMNING BAKSVIÐS** Mæðgurnar Bryndís Jakobsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir og Bubbi Morthens voru á meðal þeirra sem tróðu upp á opnunarhátíð Hinsegin daga í gær auk hinna norsku draggdrottninga Rutar og Vigdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gengið um söguslóðir samkynhneigðra í Reykjavík á Hinsegin dögum:

## Hinsegin dagar hafnir í Reykjavík

**MENNING** „Í raun er þetta hin ósagða saga Reykjavíkur. Eins og allir vita mátti ekki ræða um samkynhneigð hér á landi í marga áratugi, og þessi saga hefur hvergi verið sögð á einum stað," segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur sem sér um leiðsögn sögugöngunnar Hýra Reykjavík sem gengin verður í kvöld.

Hinsegin dagar í Reykjavík voru settir við glæsilega athöfn í Háskólabíói í gær. Þar tróðu upp meðal annars Bubbi Morthens og Páll Óskar ásamt hljómsveitinni Hjaltalín. Í dag er meðal annars á dagskrá sýning leikhópsins Maddýar, sögugangan og hinsegin sigling.

Hápunktur Hinsegin daga er skrúðganga sem farin verður niður Laugaveg á morgun. Lagt verður af stað frá Hlemmi klukkan tvö og þegar göngunni lýkur verða hátíðahöld á Arnarhóli. **-sbt/-kg / sjá síðu 14**




Mývetningur á uppleið:

## Ný stjarna í skóheiminum

**HÖNNUN Halldóra Eydís Jónsdóttir er komin í tíu manna úrslit í skóhönnunarkeppni Viva la Diva sem kallast Nýja skóstjarnan, eða New Shoe Star. Keppendur keppa innbyrðis á heimasíðu fyrirtækisins og fær sá sem sigrar hönnun sína framleidda sumarið 2010. Halldóra er eini Íslendingurinn í keppninni, en flestir keppendur eru Bretar.**



HALLDÓRA EYDÍS JÓNSDÓTTIR

**Halldóra er á öðru ári í skóhönnunarnámi við London College of Fashion. Hún segir námið miða að því að nemendur stofni sín eigin fyrirtæki að því loknu og er það áætlun hennar.**

**„Það er eitthvað sem fólki í kringum mig hefði ekki dottið í hug. Ég er alin upp í Mývatnssveit á sveitabæ!" segir Halldóra.**

**- kbs/ sjá síðu 34**

Þungir dómar í skútumáli:

## Hlutu samtals 40 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Sex menn hlutu í gær þunga dóma fyrir umfangsmesta fíkniefnasmygl Íslandssögunnar. Tveir þeirra, Peter Rabe og Rúnar Þór Róbertsson, voru dæmdir í tíu ára fangelsi og Árni Hrafn Ásbjörnsson hlaut níu ára dóm.

Dómarnir eru með þeim allra þyngstu sem fallið hafa hérlendis fyrir fíkniefnabrot. Mennirnir voru fundnir sekir um að hafa flutt ríflega hundrað kíló af fíkniefnum til landsins með skútunni Sirtaki.

Þrír menn til viðbótar hlutu vægari dóma, fimm, þrjú og þrjú og hálft ár. Dómunum verður líklega áfrýjað. **- sh / sjá síðu 4**

## SPURNING DAGSINS



*Marta, má líka mála skrattann á veginn?*

„Já, ef hann er vel gerður.“

Hafnarfjarðarbær hefur ráðist í graffitíverkefni og opnað sérstök svæði þar sem má teikna, mála og úða á veggi af hjartans lyst. Marta Dís Stefánsdóttir er verkefnisstjórinn.

Klofningur í þingflokki Borgarahreyfingarinnar ræddur á félagsfundi:

# Enginn þingmaður mætti

**STJÓRNMÁL** Enginn þingmaður Borgarahreyfingarinnar mætti á félagsfund hreyfingarinnar sem haldinn var í gærkvöldi.

Umræðuefni fundarins var samskiptaörðugleikar þingmannanna og stjórnar hreyfingarinnar og klofningurinn meðal þingmannanna. Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að Þráinn Bertelsson hafi ekki talað við hina þingmennina þrjá frá því að atkvæðagreiðsla um Evrópusambandið fór fram á Alþingi.

Félagsfundurinn í gær var haldinn með stuttum fyrirvara og var það gagnrýnt á heimasíðu hreyfingarinnar í gær. Margrét Tryggvadóttir þingkona greindi frá því á heimasíðu sinni að þingmennirnir hefðu verið boðaðir á fundinn með átta klukkustunda fyrirvara. Hún hafi því tekið ákvörðun um að mæta ekki á fundinn. Birgitta Jónsdóttir sagðist ekki hafa haft aðgang að pössun fyrir son sinn vegna stutts fyrirvara. Hún greindi líka frá því að Þór Saari yrði á fundi með nefnd sinni og kæmist því ekki heldur á fundinn.

Að auki hafði Þráinn Bertelsson aldrei ætlað að mæta, enda ekki talað við samflokksfólk sitt undanfarið. Bæði Birgitta og Margrét tóku einnig fram að þeim þætti slæmt að eyða tíma í þessar innanflokksdeilur á meðan Icesave-málið væri óleyst. **- þeb**



**BORGARAHREYFINGIN FYRIR KOSNINGAR** Þrír þingmanna hreyfingarinnar fyrir kosningar. Enginn þingmannanna mætti á fundinn í gærkvöldi, en þar var hins vegar Gunnar Sigurðsson, sem situr lengst til vinstri á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fiskidagurinn mikli á Dalvík:

## Hjólhýsi langt utan bæjarins

**FJÖLSKYLDA** Mikill mannfjöldi er kominn á Dalvík vegna fiskidagsins mikla sem er á Dalvík um helgina. Um 2.000 manns eru þegar komnir, að sögn lögreglunnar á Dalvík, og er búist við nokkrum þúsundum til viðbótar um helgina. Öll tjaldsvæði eru löngu full og eru hjól- og fellihýsi komin út fyrir bæjarmörkin, samkvæmt lögreglunni.

Fiskidagurinn er alltaf haldinn laugardaginn eftir verslunarmannahelgi á Dalvík og mættu um tíu þúsund manns í fyrra. Fjölbreytt dagskrá prýðir hátíðina í ár og mun Magni Ásgeirsson slá upp balli í kvöld. **- vsp**

# Kröfur í Straum hundruð milljarðar

**Á fjórða hundrað kröfur eru gerðar í Straum fjárfestingabanka sem nema yfir 200 milljörðum, að því er fram kom á fundi slitastjórnar með kröfuhöfum í gær. Vilji er til þess að halda rekstrinum áfram til að hámarka endurgreiðslur.**

**FJÁRMÁL** Kröfur í Straum fjárfestingabanka eru á fjórða hundrað talsins í ýmsum gjaldmiðlum, að því er fram kom á fundi slitastjórnar Straums í gær. Bankinn sjálfur telur skuldbindingar sínar nema um 1,3 milljörðum evra.

Slitastjórn Straums hélt lokaðan fund með kröfuhöfum í gær. Á honum voru þær kröfur sem gerðar hafa verið í bankann kynntar sem og afstaða slitastjórnarinnar gagnvart þeim, samkvæmt upplýsingum frá Georgi Andersen, forstöðumanns samskiptasviðs Straums. Þá var þeim kröfuhöfum sem eru ósáttir við niðurstöðu slitastjórnarinnar gefinn andmælaréttur. Hinn 18. ágúst fer svo fram annar fundur milli slitastjórnarinnar og þeirra kröfuhafa sem ekki eru sáttir.

Framkvæmdastjórn Straums hélt einnig óformlegan fund með kröfuhöfum í gær þar sem hugmyndir hennar um nauðasamninga og skipulag Straums eftir þá var kynnt.

Gamli Landsbankinn gerir tæplega 80 milljarða króna kröfu og Glitnir um 40 milljarða. Aðrir bankar gera lægri kröfur. Þá gera lífeyrissjóðir samtals 23 milljarða kröfu. Launakröfur eru um tveir og hálfur milljarður króna. Forstjórinn fyrrverandi, William Fall, krefst tæplega fjórðungs þeirrar upphæðar. Hann telur sig eiga rúmar 630 milljónir hjá bankanum. Tap Straums á síðasta ári nam 110 milljörðum króna.

Tveir kostir eru í stöðunni hjá bankanum. Annað hvort verði gerðir nauðasamningar eða bankinn settur í þrot. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vonast Straumsmenn til þess að heildarendurgreiðsla geti orðið allt að níutíu prósent ef nauðasamningar ganga í gegn, en sextíu prósent ef bankinn fer í þrot. Náist nauðasamningar verði endurgreiðsla á ótryggðum kröfum um fimmtíu prósent, en fari bankinn í þrot myndu hins vegar aðeins átta prósent ótryggðra krafna greiðast til baka. Þeir telja því mun betra að reyna að halda rekstrinum áfram.

Vonast er til þess að hægt verði að leggja drög að nauðasamningum fyrir kröfuhafa um miðjan september.

thorunn@frettabladid.is




**STRAUMUR** Kröfur í bankann nema meira en 200 milljörðum króna. Þar af gerir Landsbankinn um 80 milljarða kröfu, og forstjórinn fyrrverandi, William Fall, gerir launakröfu upp á rúmar 600 milljónir. Myndin er frá ársfjórðungsuppgjöri Straums á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnarfundur í Danmörku:

## Kaupþingsleki ræddur hjá FIH

**VIÐSKIPTI Leki lánabókar Kaupþings var til umræðu á stjórnarfundi danska bankans FIH í gær, en í lánabókinni komu fram upplýsingar um stóra viðskiptavini FIH, sem er að stórum hluta í eigu Kaupþings. Að því er fram kom í fréttum RÚV í gærkvöld ætla stjórnendur FIH að vera í sambandi við danska Fjármálaeftirlitið vegna lekans og óska eftir því að það verði í nánu sambandi við það íslenska vegna málsins.**

**Lekinn hefur vakið upp hörð viðbrögð í Danmörku og hefur forstjóri Fjármálaeftirlitsins landsins fordæmt hann og sagt hann óafsakanlegan.** **- sh**

Hæstaréttardómari skipaður:

## Þingið samþykkti dómara

**BANDARÍKIN** Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær ráðningu Soniu Sotomayor í stöðu hæstaréttardómara í landinu.



SONIA SOTOMAYOR

68 þingmenn, þar af allir þingmenn demókrata og níu þingmenn repúblikana, greiddu atkvæði með ráðningu hennar, en 31 var á móti. Kannanir höfðu sýnt að meirihluti Bandaríkjamanna var fylgjandi ráðningu hennar.

Sotomayor verður fyrsti Bandaríkjamaðurinn af rómönskum uppruna til að gegna embætti hæstaréttardómara. Hún verður jafnframt þriðja konan til þess af þeim 111 sem gegnt hafa embættinu. **- þeb**



**VATNSSTÍGUR 4** Minni háttar eldur kom upp í gær og er líklega um íkveikju að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Minni háttar eldur á Vatnsstíg:

## Líklega íkveikja

**ELDSVOÐI Minni háttar eldur kom upp í anddyri hústökuhússins við Vatnsstíg 4 síðdegis í gær. Eldurinn var slökktur fljótlega, að sögn slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu og er líklegt að um íkveikju hafi verið að ræða.**

**Sama hús varð nánast alelda síðastliðinn föstudag og er mikið skemmt. Sá bruni er enn í rannsókn, að sögn slökkviliðsins, og ekki vitað hvort um samtvinnaðar íkveikjur er að ræða.** **- vsp**

Sígaretta fannst á skólastrák:

## Látinn reykja 42 sígarettur

**MALASÍA** Fjölskylda sextán ára skólapilts í Malasíu hefur kært skólayfirvöld eftir að kennari piltsins lét hann keðjureykja 42 sígarettur fyrir framan bekkinn. Kennarinn hafði fundið eina sígerettu í skáp piltsins.

„Ég var neyddur til að reykja fjórar sígarettur í einu þar til ég var búinn með 42 stykki,“ sagði drengurinn, Mohd Alif Arifin, sem gat ekki borðað í tæpa viku eftir refsinguna.

Árið 2007 komst annar malasískur kennari í fréttir fyrir að láta 140 táningsstelpur setjast á hækjur sér í tjörn eftir að einhver hafði stíflað salerni. **- sh**




Skordýrafræðingur segir að geitungum og búum hafi ekki fækkað milli ára:

# Mun meira af geitungum

**SKORDÝR** Mun meira er af geitungum í sumar en í fyrrasumar. Þetta segir Erling Ólafsson skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Menn héldu að það væri minna af geitungum í ár en það er langt í frá,“ segir hann. Hann segir það ekki rétt sem fram hafi komið í fjölmiðlum að svo virðist sem geitungar hafi tekið sig saman í kuldanum í vor og sameinað nokkur bú í eitt. „Geitungar kunna ekkert svoleiðis,“ segir Erling

Trjágeitungum hefur vegnað vel það sem af er sumri og allt að fjögur bú hafa fundist í einum og sama garðinum. Að sögn Erlings virðist það sama vera upp á teningnum hjá holugeitungum, en bú þeirra taka venjulega mestan vaxtarkipp í ágúst, en eru oft lítið sýnileg fram að þeim tíma. Tilkynningum til Náttúrufræðistofnunar um holugeitunga hefur fjölgað mikið strax á fyrstu dögum ágústmánaðar. „Búin eru óvenjustór og þau hafa stækkað alveg ofboðslega hratt í góðu tíðinni sem var í júlí.“

Roðageitungur fannst í Kópavogi nú í byrjun ágúst en ekkert bú hefur fundist. Húsageitungs hefur ekki orðið vart í sumar, frekar en síðasta sumar. **- þeb**



**GEITUNGUR** Sumarið hefur verið gott hjá trjágeitungum og vísbendingar benda til þess að það sama hafi átt við hjá holugeitungum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Golf golf golf...

Við þökkum frábærar viðtökur við golferðum okkar í haust. Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í sæti í draumagolfferðina. Skelltu þér með í hópinn og nóttu þess að spila golf við frábærar aðstæður í umsjón þaulreyndra fararstjóra.



## Golfskóli 22.-29. okt.

Kennsluferð fyrir byrjendur sem lengra komna. Golfskóli í 6 daga og golf eftir hádegi með golfbíl.

### Hotel Hesperia ★★★★

**179.900 kr.**

**á mann í tvíbýli með morgun- og kvöldmat.**
**Innifalið flug með sköttum og flutningi á golfsetti.**
**Akstur milli hótels og flugvallar.**
**Golfskóli í 6 daga og golf eftir hádegi með golfbíl.**
**Íslensk fararstjórn.**

## Sueno ★★★★★

Sueno hótelið í Belek, Tyrklandi er sannkallaður ævintýraheimur kylfingsins. 5 stjörnu lúxusgisting og tveir 18 holu vellir við hótelið.

**249.900 kr.**

**á mann í tvíbýli 10.-19. október.**
**Ótakmarkað golf og hálft fæði.**

## Villaitana ★★★★

Fjögurra stjörnu lúxusgisting staðsett rétt fyrir ofan Benidorm og tveir 18 holu vellir við hótelið.

**Verðdæmi:**

**109.900 kr.**

**á mann í tvíbýli í 5 nætur og 5 daga golf (3.-8.okt). Ótakmarkað golf og hálft fæði.**

### Brottfarir (Spánn):

| | |
|---|---|
| 26.09 | 10 sæti |
| 01.10 | Uppselt! |
| 03.10 | 10 sæti |
| 08.10 | 4 sæti |
| 10.10 | Uppselt! |
| 15.10 | Uppselt! |
| 17.10 | 6 sæti |
| 22.10 | Laus sæti |

**Fararstjórar:**




* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á
urvalutsyn.is

## GENGIÐ 06.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,81 | 125,41 |
| Sterlingspund | 212,03 | 213,07 |
| Evra | 179,64 | 180,64 |
| Dönsk króna | 24,125 | 24,267 |
| Norsk króna | 20,731 | 20,853 |
| Sænsk króna | 17,476 | 17,578 |
| Japanskt jen | 1,3086 | 1,3162 |
| SDR | 195,69 | 196,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,4004

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjórinn í Hiroshima hvetur heimsbyggðina til dáða:

# Útrýmum kjarnorkuvopnum

**JAPAN, AP** Víða um heim var þess minnst í gær að 64 ár voru liðin frá því Bandaríkjaher varpaði kjarnorkusprengju á borgina Hiroshima í Japan. Af því tilefni hvatti Tadatoshi Akiba, borgarstjóri í Hiroshima, heimsbyggðina til að taka undir með Barack Obama Bandaríkjaforseta um að útrýma þurfi öllum kjarnorkuvopnum.

Í apríl síðastliðnum sagði Obama að Bandaríkin hefðu siðferðilega ábyrgð í þessu efni, þar sem Bandaríkin eru eina ríki heims sem hefur notað kjarnorkuvopn í stríði. Obama lýsti því jafnframt yfir að það verði markmið hans að útrýma kjarnorkuvopnum.

Um það bil fimmtíu þúsund manns tóku þátt í minningarathöfn, sem haldin var í Hiroshima í gær. Í ræðu sinni fagnaði Akiba yfirlýsingu Bandaríkjaforseta og sagðist sannfærður um að markmiðið muni nást fyrir árið 2020.

Svipuð athöfn verður haldin í Nagasaki á sunnudag, þegar sextíu og fjögur ár verða liðin frá því Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengju þar.

Kjarnorkuárásin á Hiroshima þann 6. ágúst 1945 kostaði 140 þúsund manns lífið. Árásin á Nagasaki þremur dögum síðar varð 80 þúsund manns að bana í viðbót.

- gb



**KERTAFLEYTING Í HIROSHIMA** Fjöldi kerta var settur á flot í ánni Motoyasu framan við Kjarnorkusprengjuhvelfinguna í Hiroshima. NORDICPHOTOS/AFP

63 hafa nú smitast á Íslandi:

# Níu til viðbótar með svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Níu til viðbótar hafa greinst með svínaflensuna hér á landi á undanförnum dögum. Tilfellin eru því orðin 63 talsins frá því fyrsta tilfellið var staðfest 22. maí.

Fólkið sem greint var á síðustu sólarhringum er á aldrinum 5 til 27 ára og er bæði af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Sex þeirra eru talin hafa smitast hérlendis en þrjú eru talin hafa smitast af flensunni erlendis.

Enn er ekki vitað til þess að nokkur hafi veikst alvarlega vegna svínaflensunnar hér á landi.

- þeb

Á-listinn vinnur áfram:

# Bæjarstjóri hafi enn umboð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Kjörnir fulltrúar Á-lista vinna nú að endurnýjun samstarfssamnings þar sem ekki er um málefnaágreining að ræða í meirihluta Á-lista. Bæjarstjórinn, Sigurður Magnússon, starfar því í umboði kjörinna bæjarfulltrúa af Á-lista. Þetta kemur fram í yfirlýsingu bæjarfulltrúa Á-listans á Álftanesi sem lögð var fram á bæjarstjórnarfundi í gær.**

**Meirihlutinn á Álftanesi var í uppnámi í síðustu viku eftir að Kristján Sveinbjörnsson sneri aftur til starfa fyrir Á-listann og bæjarstjóri sagðist ekki vilja starfa með honum. Annar bæjarfulltrúi Á-listans sagði sig svo úr honum vegna vinnubragða bæjarstjórans og var meirihlutinn þríklofinn á tímabili.**

- vsp

Unnu að frétt um valdníðslu:

# Kæra borgarstjóra fyrir árás

**MONTENEGRO, AP** Tveir blaðamenn frá Montenegró kærðu í gær borgarstjóra Podgorica, höfuðborgar landsins, son hans og einkalífvörð fyrir að hafa barið sig.

Mihailo Jovovic, aðstoðarritstjóri dagblaðsins Vijesti, og ljósmyndarinn Boris Pejovic halda því fram að borgarstjórinn Miomir Mugosa, ásamt syni hans og lífverði, hafi barið sig, en hinir fyrrnefndu unnu að frétt um meinta valdníðslu borgarstjórans.

Mugosa og lögregluyfirvöld í Podgorica neituðu að tjá sig um málið í gær.

- kg

## ÁRÉTTING

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun, ekki einkahlutafélag eins og fram kom í blaðinu í gær.

# Skútusmyglarar dæmdir í þriggja til tíu ára fangelsi

**Sex menn hlutu samanlagt fjörutíu ára fangelsisdóm fyrir umfangsmesta fíkniefnasmygl Íslandssögunnar. Framburður þriggja höfuðpaura þótti ótrúverðugur og á skjön við flest annað sem fram kom í málinu.**

**DÓMSMÁL** Þungir dómar féllu í gær fyrir umfangsmesta fíkniefnasmygl Íslandssögunnar, þegar um 55 kílóum af amfetamíni, 54 kílóum af kannabisefnum og yfir 9.400 e-töflum var smyglað til landsins með skútunni Sirtaki í apríl.

Mennirnir þrír sem sigldu skútunni til landsins frá Belgíu fengu þyngstu dómana. Hollendingurinn Peter Rabe og Rúnar Þór Róbertsson fengu tíu ára dóm og Árni Hrafn Ásbjörnsson níu ár. Allir neituðu þeir að hafa komið nokkuð nærri smyglinu en framburður þótti ótrúverðugur og á skjön við flest annað sem fram hefur komið í málinu.

Peter Rabe var ákærður sem höfuðpaur í málinu, sem hafi skipulagt smyglið, útvegað efnin og fengið Rúnar Þór og Árna Hrafn til liðs við sig. Þetta þykir þó ekki sannað og er hann því sýknaður af þeim ákærulið sem kveður á um skipulagningu.

Þáttur þeirra þriggja í smyglinu þótti því jafn en misjöfn refsing byggist á ólíkum sakaferli. Þannig hafa Peter Rabe og Rúnar Þór báðir setið inni erlendis fyrir fíkniefnabrot, en Árni Hrafn hefur einungis hlotið einn sektardóm fyrir smærra fíkniefnabrot.

Mennirnir þrír sem tóku við fíkniefnunum, annars vegar um borð í gúmmíbáti, og hins vegar í landi, fengu vægari dóma. Af þeim þótti Jónas Árni Lúðvíksson eiga mestan þátt í málinu, en hann fékk hina tvo verksins. Hann fékk fimm ára fangelsi fyrir vikið.

Pétur Kúld Pétursson, sem handtekinn var með bíl sinn fullan af fíkniefnunum, hlaut þrjú og hálft ár og Halldór Hlíðar Bergmundsson, sem sigldi á haf út mót skútunni með Jónasi hlaut þrjú ár. Halldór var samvinnuþýður við rannsóknina og hjálpaði til við að upplýsa málið og varð það til þess að refsing hans var vægari en ella.

Mennirnir þrír, Jónas, Pétur og Halldór, játuðu allir að hafa tekið á móti efnunum en sögðust hafa talið að um stera væri að ræða. Í dómnum segir að ekkert hafi komið fram sem hreki þann framburð.

„Þeir létu sér hins vegar í léttu rúmi liggja hvað töskurnar sem um ræðir innihéldu og enginn þeirra gekk úr skugga um hvert innihaldið var. Það gerðu þeir ekki heldur er þeir sáu að töskurnar voru ekki 4 eða 5 heldur 18 talsins,“ segir í dómnum. Háttsemi og huglæg afstaða mannanna er því virt sem líkindaásetningur.

Líklegt er að dómnum verði áfrýjað, en lögmenn hafa til þess fjögurra vikna frest.

stigur@frettabladid.is



**SEKIR** Peter Rabe og Rúnar Þór Róbertsson, sem hlutu þyngstu dómana, huldu ekki andlit sín við dómsuppkvaðninguna, ólíkt hinum fjórum. Á milli þeirra situr Árni Hrafn Ásbjörnsson, sem hlaut níu ára dóm. Í myndavélalinsuna, undan lambhúshettunni, horfir Halldór Hlíðar Bergmundsson, sem hlaut vægasta dóminn. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

## RÚNAR OG JÓNAS SÝKNAÐIR Í FÍKNIEFNAMÁLI ÁRIÐ 2007

Rúnar Þór Róbertsson og Jónas Árni Lúðvíksson voru árið 2007 sýknaðir í stóru kókaínmáli. Þeir voru handteknir eftir að hafa fjarlægt úr Mercedez Sprinter bíl fjögur kíló af gerviefnum, sem lögregla hafði komið fyrir í bílnum í stað kókaínsins sem hafði verið flutt inn í honum.

Mennirnir báru meðal annars að þeir hefðu séð frétt um málið í DV og því vitað að um gerviefni væri að ræða.

Rúnar fór í kjölfarið í skaðabótamál við ríkið, vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti, og meiðyrðamál við DV sem hafði kallað hann fíkniefnasmyglara. Hann tapaði báðum málunum eftir að skútumálið síðara komst upp.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**VÍÐA SKÚRIR UM HELGINA**

Ágætar veðurhorfur eru þessa helgina þegar horft er til vinda og hitastigsins. Hægviðrasöm og hlý helgi er fram undan. Á hinn bóginn verða víða skúrir þó uppstyttur verði ágætar á milli. Þannig á ég von á að hann hangi að mestu þurr í Gleðigöngunni, og á Fiskideginum mikla á Dalvík verður þurrt lengst af þó búast megi við síðdegisskúrum.




**Á MORGUN** Hæg suðlæg átt. Síðdegisskúrir nyrðra.

**SUNNUDAGUR** Hægviðri. Smáskúrir á víð og dreif

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Amsterdam | 28° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 26° |
| Eindhoven | 28° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 31° |
| London | 24° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 24° |
| París | 27° |
| Róm | 34° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Ódýrt í skólann




## Mikið úrval af skólavörum




Gildir til 14. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fylgjast með þátttöku íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta á Evrópumótinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,1% |
| Nei | 45,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú tínt sveppi?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Háskóli í Bandaríkjunum styrkir Íslending til náms vegna efnahagsástandsins:

# Styrkur bara fyrir Íslendinga

**MENNTUN** Creighton-háskólinn í Omaha í Bandaríkjunum hefur ákveðið að styrkja Ragnheiði Á. Gunnarsdóttur í nám við skólann.

Háskólinn tók upp á því fyrir komandi skólaár að bjóða Íslendingi rausnarlegan styrk fyrir skólagjöldum og framfærslu. Að sögn Ragnheiðar var sú ákvörðun tekin vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Hún veit ekki hversu margir sóttu um styrkinn, en segir mikinn heiður fyrir sig að hljóta hann og ótrúlegt tækifæri. „Þetta er búið að vera mikið ævintýri. Ég fékk að vita að ég kæmist inn og fengi styrkinn 1. júlí og fer út 15. ágúst svo það er allt búið að vera á fullu,“ segir Ragnheiður. Hún mun dvelja í borginni Omaha næstu tvö árin og leggja stund á meistaranám í alþjóðasamskiptum. Fyrir er hún viðskiptafræðingur og hefur lagt áherslu á alþjóðamarkaðsfræði.

Það var varasendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Neil Klopfenstein, sem afhenti Ragnheiði skjal til staðfestingar styrknum. - þeb



**TEKIÐ VIÐ STYRKNUM** Ragnheiður ásamt varasendiherranum Neil Klopfenstein, sem afhenti henni skjal því til staðfestingar að hún hefði hlotið styrkinn.

Stjórn Nýja Kaupþings:

## Tók ekki þátt í lögbannskröfu

**BANKAMÁL** Stjórn Nýja Kaupþings harmar þann skaða á orðspori bankans sem af lögbannskröfu Nýja Kaupþings hlaust. Jafnframt segist stjórnin ekki hafa tekið þátt í ákvörðun bankastjóra um lögbann á fréttaflutning RÚV. Þetta kemur fram í tölvupósti sem sendur var starfsmönnum Kaupþings á miðvikudag.

„Stjórn hins nýja banka hefur lagt kapp á að byggja upp traust á starfsemi bankans. Ein meginstoð bankastarfsemi er að viðskiptavinir geti treyst því að upplýsingar sem þá varða séu ekki aðgengilegar óviðkomandi,“ segir í tölvupóstinum. - vsp



**MÁL OG MENNING** Ný bókabúð á Laugavegi 18 með sama nafni og sú gamla opnar innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Samkomulag um nöfn:

## Mál og menning á Laugavegi

**VERSLUN** Bókabúð Máls og menningar verður áfram rekin á Laugavegi 18, þrátt fyrir að reksturinn sem þar hefur verið sé að flytjast á Skólavörðustíg.

Samkomulag náðist í gær á milli Kaupangs, eiganda Laugavegs 18, og Pennans, sem rak þar verslun þar til nýlega, um kaup þess fyrrnefnda á vörumerkinu „Bókabúðir Máls og menningar“. Kaupangur taldi við hæfi að eignast vörumerkið þar sem bókabúð Máls og menningar hefur verið í húsinu í 48 ár.

Verslunin sem opnar á næstunni á Skólavörðustíg mun því bera nafnið Eymundsson. - þeb

Árekstur á Miklubraut í gær:

## Tveir fluttir á slysadeild

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru fluttir á slysadeild eftir árekstur á Miklubraut við Ártúnsbrekkuna í gærdag. Meiðsli þeirra eru þó talin vera minni háttar.**

**Slysið varð þegar þrír bílar rákust saman við Ártúnsbrekkuna rétt fyrir klukkan fimm í gær. Talsverðar tafir urðu á umferð í grenndinni um tíma vegna árekstursins. Þá var frárein frá Reykjanesbraut inn á Vesturlandsveg lokað við Ártúnsbrekku um stund.** - þeb

# Clinton lofar aðstoð við Sómalíustjórn

**Sakar íslamska uppreisnarhópa í Sómalíu um að vilja gera landið að alþjóðlegri miðstöð hryðjuverkastarfsemi. Hillary Clinton segir jafnframt eftirsjá að því að Bandaríkin séu ekki aðili að stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna.**

**KENÍA, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lofaði í gær Sómalíustjórn aukinni aðstoð frá Bandaríkjunum. Jafnframt hótaði hún Erítreustjórn því að Bandaríkin grípi til aðgerða láti hún ekki af stuðningi við uppreisnarmenn í Sómalíu.

Stjórnin í Sómalíu hefur af veikum mætti reynt að verjast uppreisn herskárra múslima, sem taldir eru hafa tengsl við Al Kaída-samtökin. Árum saman hafa stjórnvöld í Sómalíu haft lítil völd í landinu, sem fyrir vikið hefur verið nánast stjórnlaust.

Clinton sakaði í gær einn uppreisnarhópanna, Al-Shabab, um að ætla að gera landið að allsherjarbækistöð alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka: „Þeir líta á Sómalíu sem framtíðarafdrep fyrir alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi,“ sagði hún í gær.

Sheik Sharif Sheik Ahmed, hinn valdalitli forseti Sómalíu, tók undir þetta, en þau hittust í sendiráði Bandaríkjanna í Naíróbí, höfuðborg Keníu, í gær.

„Við getum ekki liðið meiri þjáningar. Íbúar Sómalíu eiga rétt á friði,“ sagði hann.

Clinton hefur í vikunni verið á ferðalagi um nokkur Afríkuríki.

Í gær minntist hún þess, í sendiráðinu í Naíróbí, að ellefu ár eru liðin frá árásum hryðjuverkamanna á sendiráð Bandaríkjanna, bæði þar í borg og í Dar es Salam, höfuðborg Tansaníu.

Hún lagði blómsveig á minnisvarða við sendiráðið og sagði staðinn minna á að enn stafi hætta af hryðjuverkum, „sem virða engin landamæri, hvorki kynþætti, þjóðerni né trú, heldur er ætlað að raska og neita fólki um tækifæri til að taka eigin ákvarðanir og stjórna eigin lífi“.

Clinton sagði það jafnframt eftirsjárvert að Bandaríkin séu ekki aðili að Alþjóðlega sakadómstólnum, sem er stríðsglæpadómstóll á vegum Sameinuðu þjóðanna. „Staðreyndin er sú að við höfum ekki enn undirritað,“ sagði hún í Keníu í gær. „En við höfum stutt dómstólinn og höldum áfram að gera það.“

Dómstóllinn tók til starfa árið 2002 eftir að nægilega mörg ríki höfðu staðfest stofnsamning hans, en Bandaríkin sýndu engan áhuga á þátttöku þegar George W. Bush var forseti. - gb



**HILLARY CLINTON** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna í hópi heimamanna í Kenía. NORDICPHOTOS/AFP

Ölvaður skemmdi bíla:

## Braut rúður og hoppaði á bíl

**LÖGREGLA Lögregla handtók ölvaðan karlmann á Háteigsveginum á sjötta tímanum í gærmorgun. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins hafði maðurinn brotið rúður á nokkrum bílum áður en lögreglu bar að garði.**

**Þegar lögreglumenn komu á staðinn var maðurinn að hoppa á þaki bíls, sem er talsvert beyglaður eftir atvikið. Maðurinn var ekki í ástandi til að gera grein fyrir gerðum sínum, og fékk að sofa úr sér vímuna í fangaklefa.** - vsp

Meðferðarstöð í Kína:

## Leiðbeinandi barði nemanda til dauða

**PEKING, AP** Kínverskur leiðbeinandi, sem hefur þann starfa að venja ungmenni af netfíkn, situr nú í haldi lögreglu grunaður um að hafa barið nemanda sinn til dauða.

Hinn fimmtán ára gamli Deng Senshan lést á sunnudag, degi eftir að foreldrar hans sendu hann á meðferðarstöðina sem er í Guangxi-héraði í Suður-Kína. Samnemendur piltsins hafa borið vitni um að kennarinn hafi barið nemanda sinn til dauða.

Netfíkn er talin vaxandi vandamál í Kína. Stöðvar sem gefa sig út fyrir að lækna slíka fíkn eru mjög algengar og vinsælar. - kg

**SLYS**

### Hestamaður fótbrotnaði

Hestamaður féll af baki í botni Svarfaðardals um miðjan dag í gær. Maðurinn fótbrotnaði og var kallað á björgunarsveitir til að ná í hann. Björgunarsveitarmenn þurftu að bera manninn um tveggja kílómetra leið í sjúkrabíl, sem flutti hann á Heilsugæslustöðina á Dalvík.




Íslensk lög um bankaleynd eru svipuð og í fjórum samanburðarlöndum:

# Bankaleyndin víða sambærileg

**STJÓRNSÝSLA** Íslensk lög um bankaleynd eru í aðalatriðum sambærileg þeim sem gilda í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Bretlandi.

Þetta er meginniðurstaða skýrslu Dóru Guðmundsdóttur lögfræðings um bankaleynd. Skýrslan, sem unnin var fyrir viðskiptaráðuneytið í mars, var til umfjöllunar á fundi viðskiptanefndar Alþingis í gær. Bankaleynd var á dagskrá fundarins í framhaldi af þeirri umræðu sem skapaðist í samfélaginu í kjölfar birtingar á lánabók Kaupþings, fyrirhugaðrar umfjöllunar RÚV og lögbannskröfu Kaupþings.

Í skýrslunni segir að ekki verði talið að íslenskar reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja séu verulega frábrugðnar reglum samanburðarríkjanna. Ekki verði ráðið af lagareglum og þeirri framkvæmd sem fyrir hendi er að heimildir yfirvalda til að fá upplýsingar séu þrengri hér á landi en í hinum ríkjunum. Hins vegar sé það niðurstaða skýrslunnar að orðalag lagaákvæðis um bankaleynd hafi verið þrengt árið 2002. Veiti það lítið svigrúm til túlkunar.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra hefur boðað breytingar á lögum um bankaleynd. - bþs



**VIÐSKIPTANEFND ALÞINGIS** Rætt var um bankaleynd á fundi nefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Við opnum nýja verslun á Skólavörðustíg í dag!

**DAGSKRÁ**
**15.00** Kaffi og kleinur (Te og Kaffi)
**16.00** Andrés Þór jazzgítarleikari leikur lög af nýútkomnum diski sínum „Blik“
**17.00** Thomas Möller, höfundur “Grillaðu maður” grillar fyrir gesti
**18.00** Upplestur úr nýjustu bók Stieg Larson

Kristján Ingi kynnir glæsilega ljósmyndabók sína „Kjarni Íslands“ og Ari Trausti sem er höfundur ljóða og texta fer með ljóð á íslensku, frönsku, þýsku og ensku fyrir gesti.




**Opnunartilboð 1**

**15% afsláttur af öllum vörum föstudag, laugardag og sunnudag.**

**Opnunartilboð 2**

**„Grillaðu Maður“.** Opnunartilboð **2.990** krónur og með fylgir líka „Eldaðu Maður“.

**Opnunartilboð 3**

**„Delicious Iceland“.** Opnunartilboð **3.990** krónur og bókinni fylgir **„Delicious Iceland special edition“**.

**Opnunartilboð 4**

**„Sælkeragöngur um París“.** Opnunartilboð **3.990** krónur og með fylgir **„Sælkeraferð um Frakkland“.**

**Opnunartilboð 5**

**„Myndlist í 30.000 ár“.** Opnunartilboð **7.500** krónur, verð áður 14.990 krónur.

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða þingmaður Borgarahreyfingarinnar talar ekki við samflokksmenn sína?*

*2. Hvaða félag í Kauphöllinni er talið verðmætast?*

*3. Hvaða íslenski leikmaður norska knattspyrnuliðsins Lyn lék í 20 mínútur gegn Liverpool á miðvikudag?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 34

Heldur dregur úr dagblaðalestri í sumar samkvæmt könnun Capacent Gallup:

# Mikið forskot Fréttablaðsins í lestri

**FJÖLMIÐLAR** Heldur dregur úr lestri á dagblöðum í sumar samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið er sem fyrr með mun meiri lestur en Morgunblaðið, og helst forskot blaðsins svo til óbreytt frá síðustu könnun.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var á tímabilinu 2. maí til 31. júlí, lásu 61,1 prósent hvert tölublað Fréttablaðsins að meðaltali. Það er ívið minna en í síðustu könnun, sem gerð var á tímabilinu 1. febrúar til 30. apríl, þegar lesturinn mældist 61,9 prósent.

Í könnun sem gerð var á tímabilinu maí til júlí í fyrra var meðallesturinn 64,8 prósent.

Um 39,1 prósent lásu Morgunblaðið að meðaltali samkvæmt könnuninni nú. Í síðustu könnun sögðust 40,1 prósent hafa lesið Morgunblaðið og á sama tíma í fyrra var lestur Morgunblaðsins 38,7 prósent.

Þeim sem höfðu eitthvað lesið blöðin í þeirri viku sem spurt var hafði einnig fækkað. Alls sögðust 82,7 prósent hafa lesið eitthvert Fréttablað í vikunni, en í síðustu könnun mældist lesturinn 86 prósent. Um 67,5 prósent sögðust hafa lesið Morgunblaðið eitthvað í þeirri viku sem spurt var, en í síðustu könnun var lesturinn 70,2 prósent.

Á höfuðborgarsvæðinu var lestur Fréttablaðsins samkvæmt könnuninni 73,1 prósent meðan 43,6 prósent lásu Morgunblaðið. Lestur Fréttablaðsins á höfuðborgarsvæðinu var 71,2 prósent á sama tíma í fyrra og hefur aukist um 1,9 prósentustig.

Í úrtakinu voru 4.200 manns á aldrinum 12 til 80 ára. Svarhlutfallið var 60,2 prósent. - bj




Formaður menntaráðs RVK:

## Flest störf í skólunum mönnuð

**VINNUMARKAÐUR Vel hefur gengið að ráða í lausar stöður í grunnskólum Reykjavíkurborgar, að sögn Kjartans Magnússonar, formanns menntaráðs.**



KJARTAN MAGNÚSSON

**„Almennt séð eru skólarnir fullmannaðir," segir hann og kveður hljóðið gott í skólastjórum hvað þetta varði.**

**Staðan nú er önnur en fyrir ári þegar illa gekk að manna lausar stöður. Þá vantaði sjötíu kennara um þetta leyti árs.**

**Í júní voru auglýstar nokkrar lausar stöður sérhæfðra kennara við grunnskólana. Að sögn Kjartans var svörun við þeim auglýsingum góð.** - bþs

Skoðanakönnun um Icesave:

## Mikill meirihluti á móti

**STJÓRNMÁL** Mikil andstaða er við Icesave-samninginn meðal þjóðarinnar samkvæmt könnun Capacent-Gallup fyrir Andríki.

Spurt var: Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Alþingi samþykki fyrirliggjandi frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna? Kváðust 4 prósent mjög hlynnt samþykki, tæp 16 prósent voru frekar hlynnt, rúm 20 prósent voru frekar andvíg og tæp 48 prósent mjög andvíg. Rúm 12 prósent tóku ekki afstöðu.

Könnunin var gerð 16.-27. júlí. Í úrtaki voru 1.273. Af þeim svöruðu 717. Svarhlutfall var rúmlega 56 prósent.

- bþs

# Telur hættu á fólksflótta síst ofmetna

**Þingmaður Framsóknar telur talsverða hættu á fólksflótta og tölur sem nefndar hafi verið varlega áætlaðar. Félagsmálaráðherra segir stjórnvöld á varðbergi. Margt hafi verið gert til að koma til móts við þá sem líklegastir eru til að flytja.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, telur þær tölur sem nefndar hafa verið um mögulega fólksflutninga vegna kreppunnar síst ofætlaðar. „Ég vona að þetta verði ekki jafn slæmt og hjá Færeyingum á sínum tíma en ég held að þær tölur sem nefndar hafa verið séu varlega áætlaðar. Þetta gæti orðið verulegt vandamál."

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur varað við því að fólksflótti í stórum stíl gæti aukið skuldabyrðar þeirra sem eftir eru. Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, sagði í Fréttablaðinu í gær að allt að tíu þúsund manns gætu flutt úr landi umfram aðflutta vegna kreppunnar. Það væri blóðtaka fyrir samfélagið en ekki reiðarslag.

Höskuldur Þór óttast að þær tölur gætu orðið hærri og segir Icesave-samninginn eins og hann liggur fyrir helsta ógnvaldinn.

„Við [í Framsóknarflokknum] erum afar ósátt við að fallast á Icesave-samningana eins og þeir líta út í dag. Því meiri sem skuldabyrðin er því erfiðara verður að endurreisa atvinnulífið. Og ef ríkið hefur ekki bolmagn til að fara út í framkvæmdir þá verður allt stopp."

Þá sé kominn sterkur hvati fyrir fólk að líta út fyrir landsteinana. „Það er ljóst að ef við höfum ekki vinnu fyrir vel menntað ungt fólk leitar það út, bæði til að fá vinnu við sitt hæfi og til að borga niður skuldir."

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir stjórnvöld vera á varðbergi gagnvart mögulegum fólksflutningum af völdum kreppunnar og ýmislegt hafa verið gert til að koma til móts við þann hóp sem ber mestu skuldabyrðarnar.

„Við hækkuðum til dæmis vaxtabætur um 70 prósent á þessu ári, en þær gagnast helst þeim sem bera mestu skuldabyrðarnar. Við komum líka til móts við skuldug heimili öðruvísi en áður var. Í síðustu kreppu steyptist fólk í gjaldþrot og þurfti að flýja land í kjölfarið. Nú erum við að búa til leiðir fyrir fólk að takast á við minnkandi greiðslugetu án þess að verða gjaldþrota, til dæmis með því að greiða fyrir því að bankar taki á ofveðsetningum með mildari höndum og með greiðsluaðlögun."

Árni Páll telur það einföldun hjá Höskuldi að Icesave-samningurinn sé mesti ógnvaldurinn. „Það má þvert á móti segja að óvissan um viðskiptasambönd erlendis sé helsti ógnvaldurinn. Þess vegna er mikilvægt að eyða henni með samkomulagi um Icesave. Í kjölfarið er brýnasta verkefnið að skapa tiltrú á efnahagslega framtíð þjóðarinnar; bæði til að sannfæra fólk um að það geti átt hér gott líf áfram og tryggja að þeir sem fara utan sjái sér hag í að flytja aftur heim síðar."

bergsteinn@frettabladid.is



> Það er ljóst að ef við höfum ekki vinnu fyrir vel menntað ungt fólk leitar það út, bæði til að fá vinnu við sitt hæfi og til að borga niður skuldir.

**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**
ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS



> Við komum líka til móts við skuldug heimili öðruvísi en áður var. Í síðustu kreppu steyptist fólk í gjaldþrot og þurfti að flýja land í kjölfarið. Nú erum við að búa til leiðir fyrir fólk að takast á við minnkandi greiðslugetu án þess að verða gjaldþrota.

**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA



**BRIAN COWEN** Forsætisráðherra Írlands.
NORDICPHOTOS/AFP

Írska stjórnin á bláþræði:

## Missti meirihluta á þingi

**ÍRLAND, AP** Ríkisstjórn Brians Cowen á Írlandi missti í gær meirihluta sinn á þingi þegar tveir stjórnarþingmenn tóku ákvörðun um að greiða atkvæði gegn fyrirmælum flokksins í umdeildu máli.

Atkvæðagreiðslan snerist um að draga úr aðstoð við krabbameinssjúklinga. Þeir Jimmy Devins og Eamon Scanlon eru ósáttir við frumvarpið, sem felur í sér að dregið verði úr aðstoð við krabbameinssjúklinga. Þeir lýstu því yfir að hér eftir muni þeir ekki virða flokksvilja og þar með hafa stjórnarflokkarnir aðeins 82 atkvæði á 166 manna þingi.

Stjórnin er þó ekki strax fallin, því þing kemur ekki saman fyrr en í september og hugsanlega fæst stuðningur frá öðrum flokkum. - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Brotist inn á verkstæði

Brotist var inn í byggingu gömlu Lýsisverksmiðjunnar í Gufunesi í fyrrinótt. Þar eru nú ýmis verkstæði og var verkfærum stolið. Á svipuðum tíma var brotist inn í fyrirtæki í Skútuhrauni, gæludýrabúð í Nethyl og á skrifstofu Hótels Fróns á Laugavegi þar sem uppgjör þriðjudagsins var tekið.

### Byrjaði snemma að drekka

Maður var tekinn grunaður um ölvunarakstur rétt fyrir klukkan tólf á hádegi í gær í lögregluumdæmi lögreglunnar á Borgarnesi.



# útsalan
# er hafin

## ÚTSALA -30% ÚTSALA -50% ÚTSALA -70%

**15%** AFSLÁTTUR
**Rafmagns-verkfæri**




**30%** AFSLÁTTUR
**Öll ljós**



**35-50%** AFSLÁTTUR
**Skjólgirðingar**
meðan birgðir endast



**20%** AFSLÁTTUR
**Hand-verkfæri**



**Einnig mikið úrval af gegnheilum, frostþolnum flísum á frábæru verði.**



**10-70%** AFSLÁTTUR
**Allar flísar**



**15-50%** AFSLÁTTUR
**Af öllum Hreinlætis-tækjum**

## Aðeins brot af úrvalinu

**einnig ótrúlegt verð á**
vinnufatnaði, útivistarfatnaði, WEBER grillum og áhöldum, heimilistækjum, parketi, verkfæratöskum, áltröppum, málningu, sumarvörum og mörgu fleiru!

**25%** AFSLÁTTUR
**Sláttuvélar & sláttuorf**
**Garðverkfæri**



**15-70%** AFSLÁTTUR
**Af öllum búsáhöldum**



# Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**BARNAÞRÆLKUN Á INDLANDI** Ravi Pradhan heitir hann, þessi tíu ára drengur sem hjólar með fullan vagn af notuðum plastpokum til endurvinnslustöðvar í Kalkútta. Hann fær rúmlega hundrað krónur á dag fyrir erfiðið. NORDICPHOTOS/AFP

Ákveðið að auka hlutafé Icelandair um fjóra milljarða á hluthafafundi í gær:

# Gamli forstjórinn í stjórnina

**VIÐSKIPTI** Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Icelandair, var í gær kjörinn í stjórn félagsins. Sigurður er annar tveggja fulltrúa Íslandsbanka – stærsta hluthafans – í stjórninni. Hinn fulltrúi bankans í stjórn er Katrín Olga Jóhannesdóttir. Aðrir stjórnarmenn voru kjörnir Pétur J. Eiríksson, fyrir hönd Landsbankans, Jón Ármann Guðjónsson, fyrir skilanefnd Sparisjóðabankans og Finnur Reyr Stefánsson sem er hluthafi í Icelandair.

Á fundinum var samþykkt að auka hlutafé Icelandair um fjóra milljarða króna.

Miklar breytingar urðu á eignarhaldi félagsins fyrr á árinu þegar bankar leystu til sín hlutabréf helstu hluthafa.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar verður að líkindum í dag. Almennt er talið að Sigurður Helgason verði kjörinn stjórnarformaður. - bþs



**FRÁ HLUTHAFAFUNDI ICELANDAIR** Gunnlaugur Sigmundsson og Einar Sveinsson gengu úr stjórninni. Vilhjálmur Bjarnason fór yfir málin með þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikið að gera hjá Suðurnesi:

# Tjöld fuku og gist á salerni

**HJÁLPARSTARF** Annríki hefur verið hjá björgunarsveitinni Suðurnesi sem er við hálendisgæslu að Fjallabaki. Sækja þurfti tvo slasaða göngugarpa í Ljótapoll og Hrafntinnusker á miðvikudag, bjarga jeppa úr á í Landmannalaugum og hjálpa erlendu ferðafólki sem var fast í bílnum sínum í Hólmsá í gær.

Einnig þurfti björgunarsveitin að hafa sig alla við þegar tjöld fuku í Landmannalaugum á miðvikudag. Gisti fólk í hellum og skálum á svæðinu. Nokkrir þurftu meira að segja að gista á salerninu vegna plássleysis. - vsp

Meðferð í Eggertsmáli:

# Fjölskylduerjur þingmannsins

**DÓMSMÁL** Munnleg málsmeðferð fór fram í Héraðsdómi Suðurlands í gær í máli Eggerts Haukdals, fyrrverandi alþingismanns, gegn frænku hans og eiginmanni hennar. Fyrir tæpum þremur árum seldi hann bróðurdóttur sinni og manni hennar jörð sína ásamt húsi.



**EGGERT HAUKDAL**

Skilyrði fyrir sölunni var að hann fengi að búa áfram í húsinu endurgjaldslaust. Hafa frænkan og eiginmaður hennar sagt að þau hafi mátt þola áreiti af hálfu Eggerts og hafi því ákveðið að skilja að íbúðir þeirra. Deilt er um lögmæti þess í málinu.

Eggert var þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1978 til 1995. Utan flokka var hann þó frá 1979 til 1980. - vsp

# Kaupsamningum fækkaði fimmfalt

**Þinglýstum kaupsamningum fasteigna fyrstu sjö mánuði ársins hefur fækkað um ríflega helming frá því á síðasta ári. Voru fimm sinnum fleiri árið 2007. Velta á fasteignamarkaði hefur ekki verið minni svo langt sem gögnin ná.**

**FASTEIGNIR** Fimmfalt færri kaupsamningum fasteigna var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tíma árið 2007, samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá ríkisins. Kaupsamningum hefur fækkað um ríflega helming samanborið við tímabilið janúar til júlí á síðasta ári.

Alls var 1.029 kaupsamningum þinglýst á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Sé litið á sambærilegar tölur fyrir árið 2004 kemur í ljós að það ár var tæplega fimm sinnum fleiri samningum þinglýst en í ár.

Þegar fjöldi samninga í júlí 2009 er borinn saman við júní 2009 fjölgar kaupsamningum um 9,6 prósent. Samanborið við júlí í fyrra fækkar hins vegar kaupsamningum um 49,7 prósent.

Veltan á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu janúar til júlí í ár er rúmlega helmingi minni en á sama tíma í fyrra og og tæpur fimmtungur af því sem var fyrstu sjö mánuði ársins 2007. Velta hefur ekki verið minni á þessum tíma árs svo langt sem gögn Fasteignaskrár innar ná.

Í Hagsjá Landsbankans kemur fram að fasteignaverð hafi nú þegar lækkað um þrettán prósent að nafnvirði frá því það náði hámarki í janúar 2008. Lækkun fasteignaverðs hafi svo aftur áhrif á mælingu á vísitölu neysluverðs, þar sem húsnæðisliðurinn vegi nokkuð þungt. Lækkunin hafi þannig haldið aftur af verðbólgu síðustu mánuði eftir að hafa knúið hana áfram þegar fasteignaverð hækkaði hratt í uppsveiflunni sem átti sér stað á fasteignamarkaði á árunum 2004 til 2007.

kjartan@frettabladid.is

**FJÖLDI ÞINGLÝSTRA KAUPSAMNINGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**




HEIMILD: FASTEIGNASKRÁ ÍSLANDS



**UNDIRRITUN** Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður SHH, og Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ. MYND/GUNNAR SALVARSSON

Samstarf ÞSSÍ og SHH:

# Styðja við miðstöð í Namibíu

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi (SHH) mun styðja við bakið á stjórnvöldum í Namibíu við stofnun og starfrækslu sambærilegrar stofnunar þar í landi. Undirritað var undir verksamning þess efnis milli SHH og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) í gær.**

**Stuðningurinn felst meðal annars í ráðgjöf varðandi rannsóknir á namibísku táknmáli og þjálfun táknmálstúlka en SHH hefur á undanförnum árum unnið á vegum ÞSSÍ við að bæta kennslu heyrnarlausra í Namibíu og þjálfun táknmálstúlka.** - vsp

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrír fíkniefnaakstrar

Þrír voru teknir grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna í fyrrinótt í lögregluumdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum. Einn þeirra var mældur á 140 kílómetra hraða á klukkustund í þokkabót.






**UMMERKI ÁRÁSAR Í BÆNUM SDEROT Í ÍSRAEL** Þótt sprengjuflaugaárásir á íbúðabyggðir Ísraela við landamæri Gasa frá nóvember fram í janúar hafi kostað mun færri mannslíf en þriggja vikna árásir Ísraela á Gasa teljast þær engu að síður stríðsglæpir. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjuflaugaskot frá Gasasvæðinu stríðsglæpir:

# Ekkert réttlætir árásirnar

**GASA, AP** Mannréttindasamtökin Human Rights Watch, sem ítrekað hafa gagnrýnt Ísraela fyrir mannréttindabrot gegn Palestínumönnum, hafa sent frá sér skýrslu um flugskeytaárásir Palestínumanna á Gasasvæðinu yfir landamærin til Ísraels.

Í skýrslunni eru árásirnar á íbúðabyggðir Ísraela handan landamæranna sagðar stríðsglæpir og Hamas-samtökin hvött til að draga árásarmennina fyrir dóm.

„Hamas og aðrir vopnaðir hópar Palestínumanna hafa reynt að réttlæta árásirnar með því að þær séu hæfileg hefnd fyrir hernað Ísraela og þá viðvarandi herkví sem Gasasvæðinu er haldið í,“ segir í skýrslunni. Alþjóðleg mannúðarlög renna hins vegar, að mati skýrsluhöfunda, ekki stoðum undir slíkar réttlætingar.

Frá árinu 2001 hafa Palestínumenn skotið þúsundum heimasmíðaðra og frumstæðra sprengjuflauga yfir landamærin. Ekki er hægt að stjórna flaugunum og því hending hvort þær lenda á fólki eða mannvirkjum.

Árásunum var að mestu hætt í júlí í fyrra, þegar Ísrael og Hamas sömdu um tímabundið vopnahlé, en árásirnar hófust aftur í nóvember eftir að Ísraelar rufu það vopnahlé með árás á Gasa. - gb



ÚTSALA
25-70% AFSLÁTTUR!
HEILSUKODDAR 30% AFSLÁTTUR!
SVEFNSÓFAR 25-30% AFSLÁTTUR!
KING KOIL
Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)
FRÁ kr. 99.850
SÆNGURFATNAÐUR
30% AFSLÁTTUR!
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is


DRAUMA lið PEPSI
Skiptimarkaður Nettó Mjódd
föstudaginn 7. ágúst kl. 16-18:30


GRILL SVÍNALÆRISSNEIÐAR
909 kr/kg
1.298 kr/kg
KJÖTSEL
30% afsláttur
Allt á grillið!
HORNAFJARÐARHUMAR
Skelbrot
2 KG
HUMAR SKELBROT 2Kg
3.995 kr/askjan
4.390 kr/pk.
FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1.604 kr/kg
2.674 kr/kg
40% afsláttur
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL SVÍNAKÓTILETTUR
1.189 kr/kg
1.698 kr/kg
Safaríkar ferskjur og plómur
50% afsláttur
PLÓMUR 500g
149 kr/askjan
298 kr/askjan
FERSKJUR 750g
175 kr/askjan
349 kr/askjan
Birt með fyrirvara um prentvillur
www.markonnun.is
30% afsláttur
GRÍSASNITSEL
391 kr/pk.
559 kr/pk.
LAMBASNEIÐAR
482 kr/pk.
688 kr/pk.
naggar
Cordon Bleu
Grísasnitsel
Lambanaggar
Lambasneiðar
GORDON BLEU
485 kr/pk.
693 kr/pk.
LAMBANAGGAR
437 kr/pk.
624 kr/pk.
FLÓRÍDANA SAFAR 1l
heilsusafi og appelsínusafi
199 kr/stk.
Floridana
Tilboðin gilda 6. - 9. ágúst eða meðan birgðir endast
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

„ORÐRÉTT“

*Bjart yfir pólitíkinni*

**„Ég sé ekki ástæðu til að skiptast á orðum við fólk sem ekki er mark takandi á.“**

ÞRÁINN BERTELSSON ÞINGMAÐUR UM HINA ÞRJÁ ÞINGMENN BORGARAHREYFINGARINNAR.
Fréttablaðið, 6. ágúst

*Fræðileg túlkun*

**„Þessi niðurstaða sýnir að það getur allt gerst í borgarstjórnarkosningunum í vor.“**

BALDUR ÞÓRHALLSSON, PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI, UM SKOÐANAKÖNNUN GALLUP.
Morgunblaðið, 6. ágúst

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJÖRN GUNNLAUGSSON, KENNARI OG TÓNLISTARMAÐUR

## Þaulsetinn á Grand Rokki



„Það er helst að frétta að uppáhaldshljómsveitin mín í öllum heiminum, gamla MH-bandið Mosi frændi, kemur aftur saman eftir tuttugu og hálfs árs hlé á tónleikum á Grand Rokki næsta fimmtudag,“ segir Björn Gunnlaugsson, kennari og gítarleikari í téðum Mosa frænda.

„Við höfum æft stíft í sumar og höfum aldrei verið betri,“ fullyrðir Björn. „Einn meðlimanna er búsettur í Kanada og kemst því miður ekki til að vera með okkur. Í staðinn höfum við fengið skólabróður okkar, Mosa-aðdáandann og ljúflinginn Pál Óskar, til að syngja eitt lag með okkur. Ég býst fastlega við því að það verði uppselt. Staðurinn rúmar 150 manns en bara Facebook-aðdáendasíðan okkar telur 250.“

Björn er þaulsetinn á Grand Rokki þessa dagana því í kvöld bregður hann sér í hlutverk draggdrottningar og sér um spurningakeppni á staðnum. „Það hefur myndast hefð fyrir því að drottningarnar Roxý og Keikó sjái um keppnina á þessum árstíma. Í ár verða þetta ekki eintómar hommaspurningar heldur verður þemað þríþætt, samkynhneigð, trúarbrögð og Madonna.“

Að sögn Björns rennur besta sumarleyfi lífs hans brátt sitt skeið. „Ég hef haft þau forréttindi að eyða sumrinu með eins árs gamalli dóttur minni. En ég er líka svo heppinn að vinna í besta grunnskóla landsins, Norðlingaskóla, og hlakka til að byrja aftur að vinna.“

## STÆRSTA TRÉÐ
### SIERRA RAUÐVIÐUR



■ Sequoiadendron giganteum, eða Sierra rauðviður eru talin stærstu tré í heiminum ef þykktin og hæðin eru talin saman. Geta þau orðið allt að 85 metrar á hæð og 8 metrar að breidd. Trén eru algengust við norðvesturströnd Bandaríkjanna og Kanada, þá helst í Kaliforníu, enda er rauðviðurinn stundum kenndur við Kaliforníu. Ræktun á trjánum hófst hins vegar í Evrópu um miðja 19. öld.Elsta tréð af tegundinni er talið vera um 3.500 ára gamalt.

## SJÓNARHÓLL
### FÓLKSFLÓTTI FRÁ ÍSLANDI

## *Vantar einhvern með bein í nefinu*



VILHJÁLMUR ÞÓR VILHJÁLMSSON

„Ástæða fólksflótta er sambland af þáttum eins og gjaldmiðilsrýrnun, skattahækkunum, atvinnuleysi og neikvæðum efnahagsvæntingum,“ segir Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson laganemi spurður um hverjar hann telji ástæður þess að reiknað sé með að um tíu þúsund manns muni flýja land vegna efnahagsástandsins.

Vilhjálmur segir lykilatriði að binda ekki borgarana í skuldaklafa í framtíðinni „fyrir eitthvað sem kemur þeim ekki á neinn hátt við“. „Svo má benda á að við virðumst vera með fólk í stjórnarráðinu sem manni sýnist halda með öllum nema sjálfum sér. Þetta er auðvitað hrikalegt ástand. Við getum alla vega ekki notað orð Margaretar Thatcher um að við þurfum ekki veggi til að halda fólkinu okkar inni þessa dagana,“ segir Vilhjálmur sem segir að það vanti einhvern í stjórnarráðið sem hafi bein í nefinu.

# Ósögð saga Reykjavíkur

**Hýra Reykjavík er titillinn á sögugöngu sem farin verður í tilefni Hinsegin daga í kvöld. Baldur Þórhallsson sér um skipulagningu og leiðsögn göngunnar.**



**GAMLA SKÓLAHÚS** Hús Menntaskólans í Reykjavík er eitt umfjöllunarefna göngunnar í kvöld. „Þegar ég fór að grúska fann ég stórmerkilega hluti, eins og dagbókarfærslur skólapilta í Lærða skólanum frá árinu 1882,“ segir Baldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Í raun er þetta hin ósagða saga Reykjavíkur. Eins og allir vita mátti ekki ræða um samkynhneigð hér á landi í marga áratugi, og þessi saga hefur hvergi verið sögð á einum stað,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur sem sér um skipulagningu og leiðsögn sögugöngunnar Hýra Reykjavík í kvöld. Gengið verður að sögufrægum stöðum sem tengjast lífi lesbía og homma í miðborg Reykjavíkur og fjallað um menningu og líf einstakra samkynhneigðra Reykvíkinga í gegnum tíðina. Næturlífi, pólitík, bókmenntum og tónlist sem tengjast samkynhneigðum í borginni verða gerð skil og rifjaðir upp merkir atburðir í lífi þeirra.

Þetta er þriðja árið í röð sem boðið er upp á slíka sögugöngu í tilefni Hinsegin daga. Baldur segir hugmyndina koma erlendis frá. „Ég hafði sótt ýmsar sögugöngur í erlendum stórborgum og fannst þær mjög merkilegar. Þegar ég hóf að grúska í þessu hélt ég fyrst ég myndi lítið finna fyrr en eftir árin í kringum 1970, og þá helst eitthvað um næturlíf borgarinnar, en í raun fann ég miklu meira en ég átti von á og þurfti í raun að forgangsraða mjög stíft. Það sem ég hélt að yrði frásögn af næturlífi í miðborginni varð að nokkurs konar sýnishorni inn í líf tiltekinna samkynhneigðra Íslendinga og hvernig líf þeirra er samofið sögu borgarinnar.“

Umfjöllunarefni göngunnar nær alla leið aftur í Íslendingasögurnar. Tæpt verður á atburðum sem gerðust á síðari hluta 19. aldar í Reykjavík og út alla 20. öldina. „Borgarmyndun, það að komast úr fámenninu og geta horfið inn í mannfjöldann borgarinnar að ákveðnu leyti, gefur fólki oft á tíðum tækifæri til að blómstra og það á ekki eingöngu við um samkynhneigða. Borgarmyndun Reykjavíkur fylgdi að samkynhneigðir einstaklingar gátu í fyrsta sinn verið þeir sjálfir á Íslandi. Þeir þurftu ekki að flýja land heldur gátu leitað skjóls í borginni, ef svo má að orði komast,“ segir Baldur.

Gengið verður frá Ingólfstorgi klukkan 20.00 í kvöld. Gangan tekur rúmlega klukkustund, enginn aðgangseyrir og Baldur tekur sérstaklega fram að allir séu hjartanlega velkomnir.

**kjartan@frettabladid.is**




**STRÁKARNIR Á BORGINNI** Hýra Reykjavík beinir einnig sjónum sínum að því hvernig Hótel Borg tengist lífi samkynhneigðra, til dæmis í „ástandinu“ á stríðsárunum. „Það vill svo skemmtilega til að strákarnir voru alveg jafn mikið í ástandinu og stelpurnar. Þær fengu allar skammirnar, en hitt var gert bak við tjöldin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SEKUR UM GLÆP** „Ég fjalla líka um fyrsta og eina einstaklinginn á Íslandi, svo vitað sé, sem hefur verið dæmdur fyrir samkynhneigð. Sá sat í fangelsi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg árið 1924,“ segir Baldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Elliðaárdal að Gvendarbrunnum

Laugardaginn 8. ágúst kl 10:00 efnir Orkuveita Reykjavíkur til fræðslugöngu frá Minjasafninu í Elliðaárdal, upp dalinn að Gvendarbrunnum. Meðal annars verður hugað að ánni, örnefnum, jarðfræði, gróðri og dýralífi. Fjölmargir fræðimenn verða til leiðsagnar. Umsjón: Einar Gunnlaugsson. Gengnir verða um 12 km en boðið verður upp á akstur til baka um kl 16:00. Þátttakendur þurfa ekki að koma nestaðir. Upplýsingar um gönguleiðir á Hengilssvæðinu eru á vef OR, www.or.is/ganga.



• Reykjavík er talin með best upplýstu borgum heims sem skapar öryggi meðal borgaranna. www.or.is


ÚTSALA
Frábær verð
FULLT AF MONGOOSE
ALVÖRU FJALLAHJÓLUM
ÓTRÚLEG VERÐ
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
ALVORU FJALLAHJOL
VARIST
EFTIRLÍKINGAR
mongoose®
Bestu tilboðin klárast fyrst!
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-16
ALVÖRU
HJÓLA ÚTSALA

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

Holta-kjúklingur



ÓDÝRT Í HAGKAUP

**KJÚKLINGA BRINGUR**

**1.889 kr/kg.**

Merkt verð 2.998.-



ÍSLANDS GRÍS

1.044 kr/kg.

Merkt verð 1.898.-

**Bayonneskinka**



Holta-kjúklingur

ÓDÝRT Í HAGKAUP

363 kr/kg.

Merkt verð 559.-

**Kjúklingavængir**
ferskir



Holta-kjúklingur

ÓDÝRT Í HAGKAUP

569 kr/kg.

Merkt verð 949.-

**Kjúklingaleggir**
í Texas marineringu



ÓDÝRT Í HAGKAUP

689 kr/kg.

**Ýsa, roð- og beinlaus**
frosin

Jói FEL



dijon hunangs sósa

basil & hvítlauks sósa

rósapipar sósa

*Frábærar grillsósur!*







NIZZA NOKKRAR TEG.

128 kr/stk.



LÍFRÆNT SPELT 2 TEG.

599 kr/stk.

LÍFRÆNT Sölva



24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 9. ágúst á meðan birgðir endast.

# Allt í helgarmatinn
## *í einni ferð!*

OPIÐ til 20 alla daga



**NAUTAFILE KRYDDLEGIÐ**
**2.209** kr/kg.
Merkt verð 3.398.-



998 kr/pk.
**Ungnauta rumpsteikur**
kryddlegnar, 3 x 200gr. steikur



1.698 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
**Grísalundssteikur**
10 x 100 gr. steikur



1.599 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
**Jensen´s BBQ svínarif**
tilbúin beint á grillið



1.252 kr/kg.
Merkt verð 1.788.-
**Grísakótilettur**
í Hunts BBQ sósu

*spennandi á grillið!*



Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
Maísstönglar
Balsamikmarinerað grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu



ELDHÚSRULLUR 4 STK.
269 kr/pk.



BRÚN HRÍSGRJÓN 1 KG.
269 kr/pk.



ÞVOTTAEFNI 1 KG.
297 kr/pk.



TÚNFISKUR 2 TEG.
149 kr/stk.



SPAGHETTI
205 kr/pk.



BLEIUR
1.508 kr/pk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Uppeldishlutverk ráðamanna fyrir borð borið:

## Í laganna nafni!

**SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR SKRIFAR**

Það má vera að flestir hafi þá skoðun að lögbannskrafa Kaupþings á Ríkisútvarpið um síðustu helgi hafi verið eins og að reyna að bjarga sökkvandi skipi með því að ausa úr því með húfunni sinni, á meðan hvítfyssandi athygli almennings hvolfdist yfir Kaupþingsskjölin á Wikileaks.

Það má líka vera að bankaleyndarákvæði laga um fjármálafyrirtæki gangi alltof langt og gefi fjölmiðlum ekkert svigrúm til umfjöllunar um mál sem undir það falla. Það er heldur ekki útilokað að dómstólar gætu komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið þrengdi um of að tjáningarfrelsinu og því mikilvæga hlutverki sem fjölmiðlar eiga að gegna í lýðræðissamfélagi.

Alþingi getur líka komist að þeirri niðurstöðu að það vilji rýmka aðgang að upplýsingum og breytt bankaleyndarákvæðinu, en þó er mikill vafi um afturvirkni slíkrar breytingar.

Það er aftur á móti ekki hægt að líta á lög og lagaákvæði eins og matseðil, með réttum sem hægt er að velja og hafna, hafa vel eða lítið steikta, með sósu eða án. Lög eru sett til að farið sé eftir þeim og það á að vanda til lagasetningar.

Viðbrögð nokkurra forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar í kjölfar lögbannskröfu Kaupþings eru þess vegna vafasöm, enda eru þeir hluti löggjafarvaldsins sem kjörnir fulltrúar og eiga að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að lög séu ekki brotin. Það er ekki á þeirra valdi að dæma um hvort yfirhöfuð eigi að fara eftir ákveðnu lagaákvæði. Skýringar í þágu almenningsálitsins, algjörlega án nokkurs stuðnings í lagatextanum sjálfum eða lögskýringargögnum, eru heldur ekki tækar. Ráðherrunum er aftur á móti fullkomlega heimilt að lýsa því yfir að þeir vilji breyta lögum vegna þess að þeir séu ósammála þeirri stefnu sem í þeim hefur verið mörkuð.

Þessir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa líka haft svigrúm til að breyta þessu umdeilda ákvæði eftir að FME ákvað í vor að rannsaka meint brot nokkurra fjölmiðlamanna á bankaleynd. Þá strax var ljóst að bankaleyndarákvæðið legði stein í götu umfjöllunar um ýmislegt í aðdraganda hrunsins og hefði verið lag að bregðast við með lagabreytingu. Á sama tíma vottaði fyrir misskilningi í ríkisstjórn á því hvernig taka mætti á slíku máli, því Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í frétt í Morgunblaðinu að hann vonaðist til að blaðamennirnir yrðu „ekki hengdir“ en ef til þess kæmi myndi hann „hreinlega skera þá niður úr snörunni“. Það er ekki hans hlutverk, enda lýtur FME ekki boðvaldi ráðherra.

Í siðuðu samfélagi er grundvallaratriði að borgararnir geti treyst því að farið sé að lögum og reglum og að þau lög sem sett hafa verið gildi í öllum tilvikum, nema dómstólar segi annað eða þeim sé breytt. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru fyrirmyndir og í nokkurs konar hlutverki uppalenda og ef þeir bera ekki virðingu fyrir reglum sem settar hafa verið á þeirra eigin heimili, hinu háa Alþingi, hvaða skilaboð senda þeir þá almenningi?

Kannski þetta verði til þess að hnykkja á mikilvægi þess að alþingismenn vandi sig þegar þeir taka þátt í að setja lög, svo þeir lendi ekki í mótsögn við sjálfa sig þegar að því kemur að framfylgja þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Engu eytt**

Lítil setning í langri grein Karls Wernerssonar athafnamanns í Morgunblaðinu á þriðjudag vakti óþarflega litla athygli. Setningin sú er nefnilega stórmerkileg og gefur þjóðinni tilefni til að gleðjast. Jafnframt gefur hún landsmönnum tilefni til að vona að Karl sé fyrirmynd annarra athafnamanna og að þeir geri eins og hann. Og hver var svo þessi merka setning? Jú, Karl sagði í greininni: „Engum gögnum hefur verið eytt.“



**Hissa**

Frjálslyndi flokkurinn er enn þá til og hyggur á framboð til sveitarstjórna í vor. Forystumenn flokksins virðast þó efins um að fólk vilji yfirhöfuð vera í flokknum því í frétt á heimasíðu hans segir að „einungis“ 5-6 hafi sagt sig úr honum eftir kosningar. Ekki verður annað skilið af þessu en að forystan hafi reiknað með algjörum fólksflótta og skilji í raun ekki hvað allt þetta fólk er að gera í flokknum.



**Sjálfstæður**

Sérkennileg staða er komin upp innan Kaupþings. Stjórn bankans segir orðspor hans hafa skaðast af lögbannskröfu bankastjórans, Finns Sveinbjörnssonar, og harmar það. Kveðst hún ekki hafa átt þátt í þeirri ákvörðun Finns og telur hana ekki hafa þjónað hagsmunum bankans. Við eðlilegar kringumstæður myndi stjórn fyrirtækis reka forstjóra sem grípur til aðgerða sem hvort tveggja skaðar orðspor og þjónar ekki hagsmunum þess.

**bjorn@frettabladid.is**

## Nr. 3 - Peningamálasamstarf



**EIRÍKUR BERGMANN**

**Í DAG** | Samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðum

Í fyrri greinum hefur verið rætt um tvö þau meginsvið þar sem mest mun reyna á samningamenn Íslands í komandi aðildarviðræðum við ESB, annars vegar að tryggja yfirráðin yfir fiskveiðilögsögunni og hins vegar að ná fram viðunandi samningi í landbúnaði og málefnum hinna dreifðu byggða Íslands. Í þessari þriðju og síðustu grein um helstu samningsmarkmið Íslands er fjallað um peningamálasamstarf.

Bráðavandinn sem Ísland stendur nú frammi fyrir stafar ekki síst af veikri stöðu krónunnar sem hefur reynst ævintýralega óstöðugur gjaldmiðill. Kerfisvandinn var heimatilbúinn, við opnuðum fjármálamarkaðinn inn á 500 milljóna manna innri markað ESB en örgjaldmiðillinn okkar var áfram varinn af aðeins þrjú hundruð þúsund Íslendingum.

Það er engin tilviljun að með Maastrict-sáttmálanum (1992) voru teknar tvær ákvarðanir samtímis: Annars vegar að fullklára opnun fjármálamarkaða og hins vegar að verja fjármálakerfið með sameiginlegri mynt, evrunni, og sameiginlegum seðlabanka. Flotkrónan gengur augljóslega ekki upp fyrir ríki sem starfar á innri markaði ESB og þar sem í það minnsta fjögur ár munu líða áður en við getum krækt í evruna er afar mikilvægt að ná fram einhvers konar tímabundnum bakstuðningi frá Seðlabanka Evrópu í komandi aðildarsamningum.

*Það er engin tilviljun að með Maastrict-sáttmálanum (1992) voru teknar tvær ákvarðanir samtímis: Annars vegar að fullklára opnun fjármálamarkaða og hins vegar að verja fjármálakerfið með sameiginlegri mynt, evrunni, og sameiginlegum seðlabanka.*

Evrópusambandið heldur úti tilteknu aðlögunarkerfi, svokölluðu ERM II-kerfi, fyrir þau aðildarríki sem hyggjast taka upp evru í fyllingu tímans. Kerfið felur meðal annars í sér að gjaldmiðill viðkomandi ríkis er tengdur við evru á föstu gengi en fær að sveiflast um plús/mínus fimmtán prósent frá miðgildi. Því er ætlað að laga viðkomandi aðildarríki að skilyrðum og efnahagsumhverfi evrunnar. Þessi leið er samkvæmt skilgreiningu einungis ætluð aðildarríkjum ESB en í ljósi fordæmalaust slæmrar stöðu íslensks efnahagslífs geta íslensk stjórnvöld hugsanlega farið fram á það í aðildarviðræðunum að okkur verði veitt einhvers konar hraðleið inn í undirbúningskerfið.

Formlega þarf það ekki endilega að vera ERM II, hugsanlega væri hægt að búa til hliðstætt kerfi fyrir Ísland, – gæti til að mynda einfaldlega heitið ERM III. Markmiðið væri í öllu falli það, að koma krónunni í skjól evrunnar sem allra fyrst og fá fram baktryggingu frá Seðlabanka Evrópu í Frankfurt. Slíkt á sér að vísu engin fordæmi í Evrópusambandinu og því þurfa samningamenn Íslands að vera einstaklega fundvísir á færar leiðir.

Ef marka má fyrri stækkunarlotur munu aðildarsamningar Íslands við Evrópusambandið líkast til fara fram í 35 efnisflokkum. Ísland tekur nú þegar þátt í meirihluta þeirra í gegnum Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið. Í þessum greinaflokki hefur aðeins verið tæpt á þeim þremur sviðum sem mestu skipta fyrir íslenska hagsmuni.

Aðildarsamningarnir í heild sinni eru hins vegar mun flóknari og viðameiri og því er eins gott að íslenska samninganefndin hafi víðtæka þekkingu á öllum mögulegum leiðum. Því hefur aldrei verið mikilvægara heldur en nú að leita eftir þekkingu og ráðum sem víðast.

Í því sambandi er gott að hafa í huga að 21 ríki hefur samið um aðild að Evrópusambandinu og fyrirrennurum þess frá því það var stofnað af sex ríkjum á meginlandi Vestur-Evrópu með Parísarsáttmálanum árið 1952. Í þessum ríkjum er starfandi mikill fjöldi sérfræðinga sem kann að semja við Evrópusambandið. Í þá auðlind verður að sækja. Að minnsta kosti mun ekki duga að senda aðeins heimaalda stjórnmálamenn í þennan mikilvæga leiðangur.

*Höfundur er dósent í stjórnmálafræði og forstöðumaður Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst.*

## Þjóðin segi já eða nei

**UMRÆÐAN**

Hjörtur Hjartarson skrifar um Icesave-málið



**HJÖRTUR HJARTARSON**

Farsæl leið úr Icesave-klemmunni er þjóðaratkvæðagreiðsla. Ótækt er að ætla almenningi að axla fordæmalausar fjárskuldbindingar án þess hann fái nokkuð að segja um skilmálana. Illbrúanleg gjá virðist líka hafa myndast milli þeirra sem vilja ganga að skilmálum fyrirliggjandi samninga og hinna sem þykja þeir óaðgengilegir. Er þá ótalin sögufræg gjá milli þings og þjóðar. Þjóðaratkvæðagreiðsla er leið til að gera út um mál þegar ekki er hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum hætti. Að slíkri sáttaleið er unnið á vefsíðunni www.kjosa.is.

Ekki er víst að ríkisstjórnin lifi af að frumvarpið verði fellt. Þyngra virðist þó hvíla á ríkisstjórninni óvissan um hvað taki við felli Alþingi frumvarpið. Stjórninni er vorkunn. Hitt er víst að engin ríkisstjórnin mun komast heil frá því að sniðganga almenning í málinu, að almenningi verði skipað að axla byrðarnar og þegja. Hér yrði ólíft fyrir klögumálum og svikabrigslum og samfélagið ekki til stórræðanna.

Gera verður ráð fyrir að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi. Þá kemur til kasta forseta Íslands. Forsetinn getur vísað málinu til þjóðarinnar. Annað af tvennu getur þá gerst. Frumvarpið yrði samþykkt. Innbyrðis yrði þjóðin þá – hugsanlega eftir nokkurn slag – „sátt að kalla“. Þjóðin gæti hafnað frumvarpinu. Lögin féllu þá úr gildi og fyrirliggjandi samningar. Ríkisstjórnin hefði uppfyllt skilmála samninganna en almenningur neytt stjórnarskrárbundins réttar og hafnað skilmálunum. Upp væri komin samningsstaða.

Ævafornar mótbárur heyrast jafnan þegar almenningur býst til að taka örlög sín í eigin hendur. Málið er ekki þess eðlis; almenningur lætur blekkjast af lýðskrumi, hefur ekki forsendur til að setja sig inn í málið. Víst má efast um dómgreind almennings þegar horft er til stjórnmálamanna sem hér hafa valist til forystu. Þeirra sem stýrt hafa landinu fram af hengiflugi. Ég skora á samborgara mína að leggja leiðsögn þeirra til hliðar og taka málið í sínar hendur á www.kjosa.is.

*Höfundur er talsmaður framtaksins „Í okkar hendur“ á kjosa.is.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ELFA RÚN** Kristinsdóttir fiðluleikari og Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari flytja verk eftir Beethoven, Janacek, Dillon og Prokoffiev í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn klukkan 20. Nánar á www.salurinn.is.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.890 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato“ 2004** | Ítalía.

**Chablis Grand Cru „Les Clos“ 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Þorgerður Edda segir sér lengi hafa fundist gaman að dunda í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Súpa sem er veislumatur

**Þorgerður Edda Hall stundar hljóðfæranám í Ósló á veturna og segist reyna að elda þar úti. Hún smakkaði mexíkóska kjúklingasúpu í útskriftarveislu í vor og gefur lesendum Fréttablaðsins uppskriftina.**

„Eldri systir mín var með þessa mexíkósku kjúklingasúpu í útskriftarveislunni sinni um daginn og mér fannst hún svo góð að ég fékk uppskriftina hjá henni,“ segir Þorgerður Edda Hall, einn af skipuleggjendum Tónlistarhátíðar unga fólksins sem stendur nú yfir í Kópavogi, um fyrsta skiptið sem hún bragðaði súpuna. „Mér finnst hún mjög sniðug til að hafa í veislum.“

Þorgerður segist búast við að gera súpuna fljótlega aftur því þrír erlendir tónlistarmenn sem fram koma á hátíðinni búa heima hjá henni á meðan á hátíðinni stendur og ætlar hún að reyna að elda eitthvað fyrir þá. Hún segist munu gera fleiri rétti fyrir tónlistarmennina og nefnir þar pitsu sem dæmi.

Aðspurð segir Þorgerður að henni finnist gaman að elda þó hún sé meira fyrir að baka. „Mér hefur lengi þótt gaman að elda. Ég bý ein á veturna og þá reyni ég að elda sjálf,“ segir Þorgerður sem dvelst í Ósló á veturna við tónlistarnám.

## MEXÍKÓSK KJÚKLINGASÚPA

### FYRIR 4 TIL 6

400 g kjúklingakjöt
1 msk. olía
1 stk. laukur
6 stk. plómutómatar, skornir í bita
100 g blaðlaukur, smátt saxaður
1 rauð paprika, smátt söxuð
1 stk. grænt chili, fínt saxað
2 tsk. paprikuduft
3 msk. tómatkraftur
1,5 l kjúklingasoð (vatn og teningur)
2 dl salsasósa
100 g rjómaostur



Sýrður rjómi, nachos-flögur og rifinn mexíkóostur.

*Steikið saman í olíu kjúklingakjötið, laukinn, blaðlaukinn, paprikuna, græna chili-ið og plómutómatana.*

*Bætið í paprikudufti og tómatkrafti og blandið vel saman. Hellið kjúklingasoðinu saman við og látið sjóða í fimmtán til tuttugu mínútur við vægan hita. Bætið salsasósu í súpuna ásamt klípum af rjómaostinum. Látið sjóða í þrjár til fimm mínútur við vægan hita. Berið súpuna fram með sýrðum rjóma, nachos-flögum og rifnum mexíkóosti.*

Innt eftir því hvernig áhugi á matargerð lýsti sér þegar hún var yngri segir hún: „Ég og vinkonur mínar vorum alltaf að baka. Okkur þótti skemmtilegast að baka eitthvað sem var með súkkulaði í og gerðum mikið af súkkulaðikökum. Við bökuðum til dæmis mjög oft eftir skóla á daginn,“ upplýsir Þorgerður en segir að minna hafi farið fyrir eldamennsku á þeim árum. „Við elduðum þó stundum bæði pasta og pitsur.“

*martaf@frettabladid.is*






**HANDVERKSHÁTÍÐ** verður haldin við Hrafnagilsskóla 7. til 10. ágúst. Þar verður í boði sýning á fjölþættu handverki og hönnun auk ýmissa námskeiða. Nánar á www.handverkshatid.is


BASLER



Síðustu dagar útsölunnar.

Enn meiri verðlækkun!

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholt 29b
S. 551 0770



Selena
er flutt í Hæðasmára 4
í sama hús og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.



Útsalan hafin
25-50% afsláttur af völdum vörum

Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is



ALLT
512 5473
AUGLÝSINGASÍMI



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Einleikarar hátíðarinnar: Francisco Javier Jáuregui, Kristinn H. Árnason, Ástríður Alda Sigurðardóttir og Guðni Franzson ásamt Guðrúnu Jóhönnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tónaflóð úr öllum áttum á Kirkjubæjarklaustri

**Árleg kammerhátíð hefst á Kirkjubæjarklaustri í dag og stendur fram á sunnudag. Óvenju viðamikil í ár. Frumflutt verða nokkur verk, meðal annars eitt eftir heimamanninn Guðmund Óla Sigurgeirsson.**

„Þetta er rótgróin hátíð og á sína föstu gesti sem ganga að henni vísri viku eftir verslunarmannahelgi," segir Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, messósópran og listrænn stjórnandi Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri. Hún tók við kyndlinum fyrir fjórum árum af Eddu Erlendsdóttur, sem stofnaði hátíðina og hélt utan um hana í fimmtán ár. „Það er mikið í tónleikana lagt og flytjendur koma úr öllum áttum," segir Guðrún Jóhanna, sem sjálf kemur frá Spáni ásamt eiginmanninum Francisco Javier Jáuregui gítarleikara til að gæla við hlustir áheyrenda.

Á opnunartónleikunum í dag er blönduð dagskrá, meðal annars áströlsk tónlist og spænskur ljóðaflokkur og einnig mun Guðni Franzson leika óvenjuleg verk á klarinettu, frumflytur meðal annars eitt eftir sjálfan sig og annað eftir Hauk Tómasson.

Suðuramerískir tónar fylla salinn á laugardag, sungnir og leiknir á gítar og píanó. „Safaríkir og heitir tónleikar með fallegum laglínum og skemmtilegum ryþma," lýsir Guðrún Jóhanna og heldur áfram. „Svo eru sunnudagstónleikarnir alveg íslenskir. Þar verður Kristinn H. Árnason bæði í hlutverki tónskálds og flytjanda eins og Guðni á föstudeginum, því hann mun flytja tvö verk eftir sjálfan sig. Svo leikur Ástríður Alda sjö píanóverk eftir Snorra Sigfús Birgisson auk þess sem Karlakór Suðurlands syngur og einsöngvari er Gísli Stefánsson."

Guðrún Jóhanna segir sviðið í Kirkjuhvoli verða þéttskipað eftir hlé á sunnudeginum þegar Caputhópurinn, hún sjálf og karlakórinn frumflytja Einferli sem Guðmundur Óli, tónmenntakennari á Klaustri, samdi við ljóð eftir Finn Torfa Hjörleifsson. „Aðgengilegt verk með fallegum melódíum," lofar hún og segir karlakórinn hafa verið stofnaðan kringum þetta verkefni undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar. Hún býst við margmenni. „Það hefur alltaf verið vinsælt að koma að Klaustri til að njóta þar tónlistar og náttúrufegurðar undir lok sumarsins."

gun@frettabladid.is




friendtex
Útsala
Mikil verðlækkun

Mikið úrval af fatnaði á 1.000, 2.000 og 3.000

Opið mán.-fös. frá kl. 11.00-18.00
Lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík,
sími: 568 2870 - www.friendtex.is





Útsalan er hafin
20 – 50%
afsláttur af völdum vörum

Sængurfatnaður frá 4.980 kr.

Íslensk hönnun á enn betra verði.

Lín DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 • www.lindesign




Einar Már fer yfir sviðið í bundnu og óbundnu máli.

## Baðstofurokk Einars Más á Rosenberg

SKEMMTIKVÖLD MEÐ SAMFÉLAGSLEGUM BRODDI VERÐUR HALDIÐ Á ROSENBERG Á SUNNUDAGSKVÖLD.

Einar Már Guðmundsson kemur fram ásamt fjölmörgum spilaglöðum listamönnum á sérlegu skemmtikvöldi á Rosenberg á sunnudagskvöldið, 9. ágúst. Dagskrá hefst klukkan 21, aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Einar Már fer yfir sviðið í bundnu og óbundnu máli og les meðal annars úr nýjasta verki sínu, Hvítu bókinni, greinasafni þar sem fjallað er vítt og breitt um ástand íslensku þjóðarsálarinnar.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 7. ágúst 2009



## Hef aldrei verið merkjafrík

Stella Rósenkranz, deildarstjóri Dansstúdíós World Class og viðskiptafræðingur, opnar fataskápinn í Föstudegi.

### HLAUT ARKITEKTA-VERÐLAUN

Lára Kristjana Lárusdóttir hlaut verðlaun fyrir sjálfbæran arkitektúr.

### HEITASTA HAUST-FÖRÐUNIN

Björg Alfreðsdóttir förðunarmeistari hjá MAC sýnir haustlega förðun.

### NÝR STAÐUR Í AUSTURSTRÆTI

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Atli Helgason opna skemmtistað.




FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Extensa 5230-571G16Mn

2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino örgjörvi, 2GB DDR2 667MHz minni, 160GB SATA harðdiskur, 8xDVD±RW Dual Layer skrifari , 15.4" FHD WXGA+ breiðskjár, Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort, 3xUSB 2.0, VGA, PC Card slot II, ExpressCard/54 slot ofl., Windows Vista Home Basic.

Kr. 79.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

acer

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ alltaf í stíl

## MARÍA RUT REYNISDÓTTIR HJÁ GOGOYOKO

Ég ætla að að sleppa Gay Pride þetta árið en stefnan er tekin á sumarbústað með fjölskyldunni. Þar ætla ég að láta líða úr mér eftir annasama viku hjá gogoyoko og verslunarmannahelgina sem fór í ferðir og flug með kærastanum og hinum Hjálmunum.




### Þrír heimiliskettir

Það er líf og fjör á heimili sjónvarpskokksins og eiganda Fiskmarkaðarins, Hrefnu Sætran. Hún er nú komin í sambúð með kærasta sínum, Birni Árnasyni, en fyrir átti hún tvo ketti og hann einn.



Heimiliskettirnir eru því orðnir þrír talsins og er heimilismatseðillinn ekki af verri endanum, því kettirnir kunna best að meta sushi, eða öllu heldur maki-rúllur sem Hrefna framreiðir af mikilli snilli.

### Dimmur dúett

Henrik Björnsson, forsprakki Singapore Sling, hefur stofnað nýtt band ásamt unnustu sinni Elsu Maríu Blöndal. Tvíeykið kallar sig Gogo Darkness og tónlistina er að finna á vefnum vinsæla, Gogoyoko.

### Flytja til New York

Listamennirnir og parið Kristjan Zaklynsky og Lina Bjorn undirbúa nú flutninga til New York. Kristjan er upphaflega frá New York, en Lina stefnir á framhaldsnám í vídeólist þar í borg. Þau hafa nú búið hér á landi í um sex ár og til að létta á farangrinum hafa þau haldið markað undanfarnar tvær helgar og selt alls kyns muni á heimili sínu í Bergstaðastræti.



þetta HELST

Lára Kristjana Lárusdóttir arkitekt:

# Hlaut verðlaun fyrir sjálfbæran arkitektúr



**Efnileg** Lára Kristjana Lárusdóttir með verðlaunaverkefni sitt „Náttúrulegt baðsvæði á Íslandi“.

Ég bjóst ekki við þessu. Þetta kom mjög á óvart,“ segir Lára Kristjana Lárusdóttir, 28 ára, sem vann til verðlauna við mastersútskrift sína frá Arkitektaskólanum í Árósum. Verðlaunin voru veitt af Arkitektafélagi Danmerkur í tengslum við loftslagsráðstefnu í Kaupmannahöfn og féllu Láru í skaut fyrir lokaverkefni hennar „Náttúrulegt baðsvæði á Íslandi“.

„Við í skólanum áttum að skapa okkar eigið verkefni, en ég var á braut sem snýst um sjálfbæran arkitektúr og umhverfi. Ég ákvað að gera verkefni um baðaðstöðu á Laugarvatni þar sem gufubaðið að því mér fannst spennandi að vinna með heitu hverina og gufuna í tengslum við sjálfbærni. Ég frétti að það hefði verið samkeppni um gufubaðið þar árið 2003, en það varð aldrei neitt úr því að framkvæma það sem kom út úr samkeppninni og þegar ég kom þarna í fyrra fannst mér sorglegt að sjá að búið var að rífa gömlu skúrana,“ útskýrir Lára Kristjana sem hefur verið búsett í Danmörku undanfarin sex ár. „Samkeppnin miðaði að því að gera svona „fancy“ baðaðstöðu, en mér fannst það ekki alveg passa inn í ástandið á Íslandi í dag. Ég vann því lokaverkefnið mitt út frá hugtakinu „less is more“, svolítil áróður á móti því sem hefur verið í gangi á Íslandi. Einnig vann ég með sjálfbæran túrisma sem miðar að því að raska ekki umhverfinu of mikið,“ segir Lára, en í umsögninni um verkefnið er haft orð á því hversu vel Láru tókst að draga fram sérstöðu Laugarvatns, svo sem loftslagið, vindinn, vatnið og heitu hverina. Að launum hlaut Lára 15.000 krónur danskar eða um 360.000 krónur íslenskar miðað við núverandi gengi.

„Ég fékk styrk til meira náms eða ferðalaga sem kemur sér sérstaklega vel núna þegar maður er atvinnulaus. Svo fékk ég líka eplatré í blómapotti, en ég flutti frá Árósum eftir að skólanum lauk í júní svo ég fékk að planta trénu í garðinum hjá kennaranum mínum sem var alsæl með það,“ segir hún brosandi. „Núna er ég búsett í Kaupmannahöfn og er að leita mér að vinnu hérna og í Berlín. Það eru mjög spennandi hlutir að gerast þar hvað varðar upplifun á arkitektúr og sjálfbærni. Maður er ekkert að fara að koma heim eins og ástandið er núna, því þótt það sé samt að þar séu meiri möguleikar en heima,“ segir Lára, en áhugasamir geta haft samband við hana á frokenlara@gmail.com. *- ag*






**Austur opnað í miðbænum** Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Atli Helgason sóttu innblástur til „lounge“-staða New York. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kósí 70‘s glamúr

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Atli Helgason hafa leitt hesta sína saman og endurhannað fyrrum heimkynni Kaupþings banka í Austurstræti. Austur, sem opnar innan skamms, á að vera afslappaður veitinga og skemmtistaður með fjölbreyttum matseðli þar sem fólki líður vel að sögn Hrafnhildar. „Pælingin er sú að fólk geti komið þangað í kaffi, fengið sér fordrykk, endað í mat og svo skemmt sér með vinum sínum allt liðlangt kvöldið.“ Ákveðin „seventies“ stemning innandyra myndar skemmtilega andstæðu við virðulegt marmaragólfið og lista í loftum. Hrafnhildur segist hafa sótt innblástur til „lounge“ staða í New York. „Rýmið er stórt og við vonumst til að fólk geti sífellt uppgötvað eitthvað nýtt og spennandi þar inni.“ *- amb*

✻ augnablikið



**GLANSANDI** Sienna Miller mætti á frumsýningu G.I. Joe: The Rise Of Cobra í Tókýó í vikunni, klædd svörtum pallíettujakka og þröngum pallíettubuxum með snákamunstri.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



19.900,-
9.990,-
Handklæðastandur
3.990,-
4.990,-
Spegill
4.900,-
Kanna
1.990,-
1.990,-
WC pappír standur
2.990,-
1.790,-
790,-
Yes to snyrtivörur
verð frá
690,-
Diskur með standi
1.190,-
hjarta tvö í setti
2.490,-
full búð
af nýjum
vörum!
2.990,-
60 cm
3.990,-
50 cm
4.990,-
60 cm
4.990,-
50 cm
Fílar áður 1.190,-
nú 690,-
3.490,-
3.990,-
40 cm
the
PIER
Vorum að taka upp nýjar vörur
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna

✻ fer í gleðigöngu



**LÉTT OG NÁTTÚRULEG ÁFERÐ** Clinique hefur sett á markað nýtt steinefnapúður. Formúlan er létt og gefur húðinni náttúrulega áferð sem endist allan daginn. Púðrið fæst í sex mismunandi litum og með því fylgir bursti, en púðrið inniheldur einnig sólarvörn 15 og veitir því góða vörn.



















1. Stella klædd fjaðrakjól úr Mango, púffjakka og leðurleggings af eBay. 2. Taska eftir Hendrikku Waage. 3. Pallíettujakki úr Kolaportinu. 4. Skór úr Einveru. 5. Blár blazerjakki af eBay og ég saumaði svo fjaðrirnar á sjálf. 6. Stella klædd jakka úr Gyllta kettinum, skyrtu úr Zöru, „second hand“ slaufu frá London, stígvélum af eBay og Oroblu-sokkabuxum. 7. Peace eyrnalokkar af eBay. 8. Bleik sólgleraugu úr Kron Kron. 9. Kögurjakki úr Einveru.

Stella Rósenkranz deildarstjóri Dansstúdíó World Class:

# Færi aldrei í hvítar galla

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Hann fer mikið eftir dagsforminu. Ég hef rosalega gaman af því að leika mér með það sem ég á til í fataskápnum. Ég á það til að klæðast einhverju „crazy“ og síðan mjög hefðbundnu. Hins vegar er ég rosalega hrifin af „grungy“ rokk lúkkinu. Það hefur fylgt mér í nokkuð mörg ár núna. En, ég fíla líka glamúr og get verið veik fyrir pallíettum og stóru og íburðarmiklu skarti.

***Hvað dreymir þig um að eignast þessa stundina?*** Síða, þykka og kósí prjónapeysu með hettu.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** „Second hand“ samfesting.

***Uppáhaldsverslun?*** eBay er algjör snilld. Ég er mjög fegin að ég gaf mér góðan tíma í að læra inn á það á sínum tíma. Kolaportið er líka gott, sérstaklega núna þar sem margir skemmtilega klæddir einstaklingar eru að selja fötin sín. Annars eru það American Rag og Decades Two í L.A.

***Uppáhaldsfatamerki?*** Ég á ekkert uppáhaldsfatamerki en ég er mjög hrifin af fatamerkinu April 77.

***Finnst þér merki á fötunum skipta máli?*** Nei, ég hef aldrei verið merkjafrík. Svo lengi sem ég er ánægð með flíkina og finnst hún falleg þá skiptir það engu máli.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Já, alveg fullt af þeim. Ég er rosalegur safnari svo að það er ógrynni af flíkum sem hafa átt heima í skápnum ansi lengi. Sumar eru vægast sagt mjög ljótar.




# Heitasta haustförðunin

**Fram undan eru dökk augu með mikilli skyggingu og ýmist dökkar eða ljósar varir,“ segir Björg Alfreðsdóttir, förðunarmeistari hjá MAC, um það heitasta í haustförðuninni. „Það verður mikið um grátt og blátt á augum, allt frá kóngabláum út í metal- og dökkbláan. Skygging í andliti verður meira áberandi en verið hefur og eru sólarpúður, kinnalitir og „high-lighter“ notaðir til að skyggja og lýsa upp,“ útskýrir Björg sem farðaði Karítas Hreinsdóttur í anda hausttískunnar. Á augun gerði Björg mjúka skyggingu. Hún notaði Rapid black eyeliner og Zoom lash maskara í „intense black“ áður en hún setti á hana gerviaugnhár. Til að ná húðinni lýtalausri notaði Björg Mineralize loose foundation. „Varirnar eru dökkar í búrgúndýlit sem heitir Here I am, en þegar notaður er svona dökkur varalitur er gott að nota varalitablýant til að móta varirnar. Þá lekur varaliturinn síður út og endist lengur,“ segir Björg, en vörurnar sem hún notaði eru væntanlegar í verslanir MAC í byrjun september. „Ég fór milliveginn í haustförðuninni til að sýna að það er alltaf hægt að aðlaga það sem er í gangi á tískusýningunum að íslensku konunni,“ bætir hún við.** *- ag*







**THE PROPOSAL** Kanadíski yfirmaðurinn Margret, leikin af Söndru Bullock, fær aðstoðarmann sinn Andrew, leikinn af Ryan Reynolds, til að giftast sér til að öðlast bandarískan ríkisborgararétt. Ekki missa af stórskemmtilegri gamanmynd.



**HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK** Í gær hófust hinsegin dagar með opnunarhátíð í Háskólabíói. Á morgun verður hin árlega gleðiganga á Laugaveginum og um kvöldið mun Páll Óskar þeyta skífum á Nasa eins og honum einum er lagið.





8

# buxur

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Hvítar gallabuxur.

***Hvaða snið klæðir þig best?*** Það fer líka bara eftir dagsforminu og í hvaða stuði ég er hverju sinni.



***Af hvaða líkamsparti ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú það með klæðaburði?*** Pass.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Þau hafa verið mörg. En ég myndi segja jogginggallatímabilið mitt í Verzló. Þá hafði ég mig aldrei til og gekk um í ljótum jogging buxum, útivistarúlpu og með sömu húfuna í heilt ár. Vinkonurnar sögðu ekkert í fyrstu en mótmæltu hástöfum þegar leið á skólaárið.









**Fann mikinn mun innan 3ja vikna**

Margrét Óskarsdóttir

# Frábært að hægt sé að bæta ástand liðanna með náttúrulegu efni

Ég þurfti að fara í skurðaðgerð 1991, þar sem ég var með of löng liðbönd og var að smella úr lið í tíma og ótíma. Þannig að farið var að kvarnast upp úr liðbrjóskinu. Eftir aðgerðina minnkuðu verkirnir en hurfu ekki. Að ganga niður stiga og langar stöður ollu sárum verkjum. Starf mitt krefst þess að ég þarf að standa mikið og var það ekki auðvelt.

**Reyndi margt**

Ég hef reynt margar leiðir til að minnka verkina án þess að nota verkjalyf sem því miður dugðu ekki. Með árunum jukust verkirnir og útlitið var ekki bjart.

**NutriLenk til sölu á Íslandi**

Fyrir tæpu ári frétti ég af nýju bætiefni, NutriLenk, sem er vinsælt efni í Noregi og Svíþjóð, hjá fólki sem er með slitna og auma liði. Satt að segja var ég ekkert sérlega jákvæð á að NutriLenk gæti hjálpað mér frekar en margt annað en sló til, enda allt tilvinnandi. Byrjaðiá að taka inn 6 töflur á dag í tvær vikur samkvæmt ráðleggingum og eftir það 2 töflur á dag.

**Eftir 2-3 vikur fann ég greinilegan mun**

Já, það ótrúlega gerðist, ég fann greinilegan mun eftir 2-3 vikur á NutriLenk

Nú tæpu ári seinna er ég nánast verkjalaus og einnig eru verkir vegna slits í fingrum horfnir.

Ég tek nú inn 2 töflur af NutriLenk á dag og ég get sannarlega sagt að NutriLenk hefur gert kraftaverk fyrir mig.

Það að standa við afgreiðslu, ganga niður brekkur og stiga er ekki stórmál lengur ...

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, NutriLenk er himnasending fyrir mig og frábært að það skuli vera hægt að bæta liðheilsuna með náttúrulegu efni segir Margrét að lokum.

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður — Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun. Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**




**Mikilvægt er að annast sig vel allt lífið.**

Mjög nauðsynlegt er að neyta góðs kalks með D-vítamíni fyrir beinin. KOLOS er t.d. góður kostur, öflugt D-vítamín með kalki. 1 glas af KOLOS inniheldur 180 töflur sem er 6 mánaða skammtur og á góðu verði.

**Umboðsaðili: Gengur vel ehf.,**



NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA



# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# tíðin
á hlaupum



**HÁ STÍGVÉL ERU MÁLIÐ** Þröngu uppháu stígvélin sem eru áberandi í haustttískunni minna þig ef til vill á Juliu Roberts í Pretty Woman, en þú getur fundið há stígvél sem henta þér, með eða án hæls, eins og til dæmis þessi stígvél úr Top Shop.



BÚDDISTAALTARIÐ MITT.



KLUKKA Frá mömmu og unnusta mínum.



GÓSTSTÓLLINN MINN sem ég held mikið upp á.




## SKJÖLDUR EYFJÖRÐ
**hárgreiðslumeistari**



JAKKI Keyptur í Camden í London.



KRISTALSHLUNKUR sem er kertastjaki.



GÚMMÍANDASAFNIÐ OKKAR.



KRISTALSGLÖS sem við erum að safna.



SILFURARMBAND Breka Design.



VASI sem ég keypti í Serbíu þegar ég fór með Eurobandinu.



NÝI ÞRÁÐLAUSI MÍKRAFÓNNINN MINN sem ég elska út af lífinu.


**Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi**
**Vilt þú taka þátt í Heilsustefnu og halda áfram að þróa hana í leikskólanum?**

Við erum að leita af **leikskólakennurum eða öðru uppeldimenntuðu fólki** sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur.

Við leitum að ábyrgu starfsfólki með reynslu af leikskólastarfi til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.



Leikskólinn er sex deilda fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

**Nánari upplýsingar veitir Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri í síma 570-4940. Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is**

SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR


Tískufyrirmyndin: Alison Mosshart

## Glamúrskotið pönk

Annar helmingur rokksveitarinnar The Kills er hin svala Alison Mosshart sem hefur fengið mikla athygli í tískuritum vegna fatastílsins síns. Rokkið og rólið hreinlega drýpur af þessari svarthærðu mjóslegnu söngkonu sem gerir einkennisbúning rokksins, þröngar gallabuxur, leðurjakka og támjóa skó, að sínum. Hún sést oftast í gylltum snjáðum kúrekastígvélum frá Dior Homme, hlébarðajökkum, rifnum stuttermabolum frá Marc Jacobs og mótorhjólajökkum í bland við peysur frá Ann Demeulemeester. Augu hennar eru gjarnan máluð með svörtum augnblýanti og hún notar alltaf naglalakkið Chanel Satin Black. Þær sem vilja stela stílnum hennar Alison geta kíkt í Top Shop þar sem er gott úrval af gallabuxum og bolum, og svo er ágætt að stela köflóttum skyrtum úr fataskáp kærastans. - amb



**Marc Jacobs** Flottur jakki.



**Rokkuð** Klædd í þröngar gallabuxur, jakka og slönguskinnsstígvél.



**Hlébarðamynstur** Svalur jakki við víðan bol og þröngar buxur.




ÍSLENSKA SIA.IS SFG 44761 06/09



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Sigtryggur Berg Sigmarsson myndlistarmaður**

**1** **Ég vakna kl. 6 að morgni og það tekur mig tvo klukkutíma að berja burt djöflana í hausnum á mér.**



Opið hús verður í **Gullkistunni**, vinnustofu við Bjarkarbraut á Laugarvatni, milli kl. 17 og 19 í dag þar sem myndlistarkonan **Joan Perlman** sýnir verk sín.

### → Síðustu forvöð

Ljósmyndasýningu Elsu Bjargar Magnúsdóttur og Soffíu Gísladóttur á Thorvaldsen bar við Austurstræti 8, lýkur á sunnudaginn. Opið alla daga kl. 11-01.

### → Kvöldganga



**20.00 Baldur Þórhallsson** stjórnmálafræðingur leiðir göngu um sögufræga staði sem tengjast lífi og menningu samkynhneigðra Reykvíkinga allt frá lokum 19. aldar. Lagt verður af stað frá Ingólfstorgi.

### → Handverkshátíð

Handverkshátíð verður í **Hrafnagilsskóla** í Eyjafjarðarsveit 7.-10. ágúst. Tískusýningar, námskeið, fyrirlestrar og margt fleira. Dagskrá og nánari upplýsingar á **www.handverkshatid.is.**

### → Opnanir

**17.00** Ungmenni sem tóku þátt í **Graffítíverkefni Hafnafjarðar** opna sýningu við Lækjargötu 2 í Hafnarfirði þar sem sýndar verða alls kyns tegundir af graffítílist. Opið alla daga kl. 16 til 20.

**18.00** Í **Lost Horse** gallery, Vitastíg 9a, verður opnuð samsýning fimm ungra listamanna, Hrafnhildar Gissurardóttur, Hrundar Atladóttur, Hrafnhildar Helgadóttur, Steinunnar Mörtu Jónsdóttur og Sæmundar Þórs Helgasonar. **Sýningin verður opin alla daga kl. 12-18.**

### → Uppsveitavíkingurinn

Sterkustu menn landsins mæta til leiks í aflraunakeppninni Uppsveitarvíkingurinn, 7. og 8. ágúst. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. **www.kraftsport.is.**



**16.00** Mótið hefst fyrir utan verslunarmiðstöðina Fjörð við Fjarðargötu í **Hafnarfirði** þar sem keppt verður í dekkjaveltu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


**NÖGL** Hljómsveitin Nögl er á leiðinni til Bandaríkjanna í tónleikaferð.

# Skoskir tónar um helgina

**Skoska hljómsveitin Lost In Audio, sem spilaði á Þjóðhátíð í Eyjum, heldur tvenna tónleika um helgina. Þeir fyrri verða á Grand Rokki í kvöld og hinir síðari í Húsinu á Akureyri annað kvöld. Hljómsveitirnar Nögl og Missing spila einnig á tónleikunum. Nögl er einmitt á leiðinni í tónleikaferð um Bandaríkin með bandarísku hljómsveitinni Farewell to Fashion sem hún kynntist á Myspace-síðu sinni. Í haust stefnir bandaríska sveitin síðan á ferðalag til Íslands. Fyrsta plata Naglar kemur út 21. ágúst og hefur fengið nafnið I Proudly Present.**




NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

Þúsundir titla í boði

# RISA MARKAÐUR




Í LAUGARDALSHÖLLINNI

## Síðustu dagar, allt á seljast!

# 50%

auka afsláttur af öllum vörum

## Útsölunni lýkur á sunnudag!

**OPIÐ 11 - 19**

**FÖSTUDAG - LAUGARDAG OG SUNNUDAG**

## > Framtíð Eiðs Smára enn í óvissu

Keppni í stærstu deildum Evrópu er að fara af stað en enn ríkir óvissa um hvar Eiður Smári Guðjohnsen mun spila. Hann hefur mikið verið orðaður við West Ham og Glasgow Celtic í Skotlandi en Tony Mowbray, stjóri Celtic, sagðist í viðtali ekki reikna með að félagið hefði efni á að uppfylla launakröfur Eiðs. „Það er ekkert nýtt að frétta af Eiði og ekkert sérstakt sem er í gangi,“ segir Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs. Hann segist þó ekkert viss um að Eiður hefji tímabilið með Barcelona. „Það getur margt gerst á einum mánuði,“ segir Arnór en keppni í spænsku deildinni hefst í lok mánaðarins.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ARNAR GRÉTARSSON: SKORAÐI EINA MARKIÐ Á KÓPAVOGSVELLI OG TRYGGÐI BLIKUM SIGUR Á FYLKI Í GÆR**

# *Þetta var í raun og veru bara fyrirgjöf*

Arnar Grétarsson, spilandi aðstoðarþjálfari Breiðabliks, sá um að skora eina markið á Kópavogsvelli í gær þar sem Fylkismenn voru í heimsókn. Skot hans var reyndar ætlað sem fyrirgjöf á Guðmund Pétursson sem náði ekki til knattarins og inn fór hann. „Þetta var í raun og veru bara fyrirgjöf. Stundum dettur þetta bara og mér er sama svo lengi sem boltinn fer inn. Ég hefði samt klárlega átt að skora fleiri mörk, ég fékk færin til þess,“ sagði Arnar eftir leik en það var blautt í Kópavoginum í gær.

„Aðstæður voru erfiðar og mátti sérstaklega sjá það til að byrja með þar sem menn runnu á hausinn fram og til baka. Þessar aðstæður buðu upp á markaleik en á einhvern óskiljanlegan hátt kom bara eitt mark þrátt fyrir að við fengum helling af færum,“ sagði Arnar en Blikar réðu ferðinni algjörlega í seinni hálfleik og voru líklegri til að bæta við marki en Fylkir að jafna. Gestirnir voru orðnir ansi pirraðir í seinni hálfleik og ekkert gekk hjá þeim.

„Það var jafnræði í fyrri hálfleik en mér fannst við mun betra liðið í seinni hálfleik. Við vildum þetta meira og menn voru mjög einbeittir. Mér fannst þeir alls ekki líklegir til að jafna. Við virðumst eiga auðveldara með að halda eins marks forystu en tveggja marka sem er nokkuð sérstakt.“



Sigur Blika var verðskuldaður og mikilvægur enda hefur liðinu gengið ansi brösuglega síðustu vikur. „Þessi þrjú stig voru allavega kærkomin til að koma okkur út úr þessum barningi á botninum. Þetta var skref í rétt,“ sagði Arnar en hann og sóknarmaðurinn Guðmundur Pétursson voru bestu menn vallarins í gær.

Guðmundur var sífellt ógnandi í leiknum og greinilega mikill happafengur fyrir Kópavogsliðið en hann er í láni frá KR. „Hann er í alla staði frábær leikmaður og ég vona að við höldum honum hérna á næsta ári. Hann er einmitt týpan sem við þurftum. Hann er sterkur, heldur boltanum vel, er vinnusamur og bara góður í fótbolta. Hann fær mikið kredit fyrir það sem hann hefur gert fyrir okkur,“ sagði Arnar um Guðmund. **- egm**

**Stjarnan 1-4 FH**

Stjörnuv., áhorf.:Óuppgefið. Erlendur Eiríksson (x)

*0-1 Hjörtur Logi Valgarðsson (18.), 0-2 Atli Viðar Björnsson (34.), 0-3 Matthías Vilhjálmsson (52.), 1-3 Ellert Hreinsson (74.), 1-4 Matthías (76.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–12 (3–6) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 2 – Daði 2 |
| Horn | 6–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–12 |
| Rangstöður | 2–4 |

| STJARN. 4–5–1 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þ. Halldórs. | 5 | Daði Lárusson | 7 |
| Jóhann Laxdal | 4 | Guðni Páll Kristjánss. | 5 |
| Guðni Rúnar Helgas | 5 | Tommy Nielsen | 6 |
| Tryggvi Bjarnason | 5 | Sverrir Garðarsson | 5 |
| Hafsteinn Rúnar Hel. | 4 | (29. .Dennis Siim | 7) |
| Ellert Hreinsson | 6 | (83., Freyr Bjarnason | -) |
| Birgir Hrafn Birgiss. | 4 | Hjörtur Logi Valgarðs. | 7 |
| (78. Heiðar Atli Em. | -) | Ólafur Páll Snorrason | 6 |
| Halldór Orri Björns. | 6 | (78., Brynjar Bened. | -) |
| Björn Pálsson | 6 | Björn Daníel Sverriss. | 7 |
| Arnar Már Björgv. | 3 | Tryggvi Guðmundss. | 7 |
| (81., Baldvin Sturlus. | -) | ***Matthías Vilhjálms.** | **8** |
| Alfreð Elías Jóhanns. | 3 | Atli Viðar Björnsson | 7 |
| (88., Magnús Björg. | -) | Atli Guðnason | 6 |

**Maður leiksins*

Stjörnumenn á gervigrasinu:

## Fyrsta tapið í ár

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn töpuðu í gær sínum fyrsta heimaleik síðan 10. júlí í fyrra en Stjarnan hafði fyrir leikinn á móti FH leikið þrettán heimaleiki í röð án þess að tapa. **- óój**

# Loksins féll vígi Stjörnumanna

**Íslandsmeistarar FH sýndu styrk sinn enn og aftur með 1-4 sigri gegn Stjörnunni í Pepsi-deildinni en þetta var fyrsta tap heimamanna á gervigrasinu í Garðabæ í rúmt ár. FH er með 13 stiga forskot á toppnum.**

**FÓTBOLTI** „Við spiluðum oft á tíðum vel á þessum gervigrasvelli og uppskárum góðan sigur. Við ákváðum það snemma í vikunni að tala ekkert um þetta gervigras nema á jákvæðum nótum og hugsa bara um að spila okkar bolta og það gekk eftir,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, í leikslok eftir 1-4 sigur FH gegn Stjörnunni. Stjarnan tapaði þar með fyrsta deildarleik sínum í rúmt ár eða frá 10. júlí í fyrra.

Heimamenn í Stjörnunni virkuðu betur stemmdari til að byrja með, án þess þó að skapa sér hættuleg marktækifæri, en þeir mættu FH framarlega á vellinum og það virkaði vel í fyrstu. Gestirnir í FH voru þó ekki lengi að finna taktinn og náðu að vinna sig vel inn í leikinn með léttleikandi sóknarleik.

Það dró til tíðinda á 18. mínútu þegar Hjörtur Logi Valgarðsson braust í gegnum vörn Stjörnunnar af vinstri kantinum og kláraði með góðu skoti sem markvörðurinn Bjarni Þórður Halldórsson réði ekki við. FH-ingar efldust til muna við markið og héldu áfram að pressa stíft að marki Stjörnumanna. Íslandsmeistararnir uppskáru annað mark eftir þunga sókn á 34. mínútu þegar boltinn barst í lappirnar á markahrókn-



**KOMINN MEÐ NÍU MÖRK Í DEILDINNI** FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson fagnar hér fyrra marki sínu á móti Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

um Atla Viðari Björnssyni sem þakkaði pent fyrir sig og skoraði af öryggi af stuttu færi. Staðan var 0-2 í hálfleik og forysta gestanna var verðskulduð. Seinni hálfleikur fór vel af stað hjá FH þegar Matthías Vilhjálmsson bætti við þriðja markinu með hnitmiðuðum skalla eftir aukaspyrnu Tryggva Guðmundssonar.

Heimamenn náðu þó að klóra í bakkann þegar um stundarfjórðungur var eftir með marki Ellerts Hreinssonar en það reyndist skammgóður vermir því Matthías Vilhjálmsson bætti við sínu öðru marki skömmu síðar og fjórða marki FH.

FH hafði annars góð tök á leiknum í síðari hálfleik og sigldi sigrinum rólega í höfn á lokakaflanum. Stjörnumenn áttu hreinlega við ofurefli að etja í leiknum en Hafnfirðingar eru nú komnir með þrettán stiga forskot á toppi deildarinnar.

„Maður sækir ekki gull í greipar FH þetta árið í það minnsta. Það er kenniteikn á meistaraliði að það nýtir færi sín og mér fannst FH-ingar gera það í þessum leik. Ég hrósa mínum mönnum þó fyrir að gefast aldrei upp,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, í leikslok í gærkvöldi.

**omar@frettabladid.is**



Slim - 3ja sæta kr. 169.800 I Tilboðsverð kr. 135.840


3050 - Leðursófi kr. 284.000 I Tilboðsverð 169.000


2401 - Leðursófi kr. 324.800 I Tilboðsverð kr. 194.880

Opið
Föstudag 12 - 18
Laugardag 12 - 16
Sunnudag 13 - 16

Ný sófasending
Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.
Lítil yfirbygging = betra verð

LÍNAN


Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700 I Tilboðsverð kr. 238.900
Litir: Sand og Night

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Breiðablik 1-0 Fylkir

Kópavogsvöllur, áhorf.: 686 · Garðar Örn Hinriks. (6)

*1-0 Arnar Grétarsson (52.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–6 (6–4) |
| Varin skot | Ingvar Þór 4 – Ólafur Þór 5 |
| Horn | 7–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–11 |
| Rangstöður | 3–3 |

| BREIÐAB. 4–3–3 | | FYLKIR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 6 | Ólafur Þór Gunnars. | 5 |
| Árni Kristinn Gunnars. | 7 | Andrés Már Jóhannes. | 6 |
| Elfar Freyr Helgason | 5 | Kristján Valdimarsson | 6 |
| Kári Ársælsson | 6 | Einar Pétursson | 6 |
| Kristinn Jónsson | 7 | Þórir Hannesson | 5 |
| Finnur Orri Margeirs. | 7 | Ásgeir Börkur Ásgeirs. | 6 |
| ***Arnar Grétarsson** | **8** | Valur Fannar Gíslason | 6 |
| (84., Haukur Baldvins. | -) | Halldór Arnar Hilmiss. | 4 |
| Guðmundur Kristjáns. | 7 | (67. Arnar Þór Úlfars. | 5) |
| Olgeir Sigurgeirsson | 6 | Kjartan Ágúst Breiðdal | 5 |
| Kristinn Steindórsson | 7 | Jóhann Þórhallsson | 6 |
| Guðmundur Péturss. | 8 | (57., Kjartan Andri | 6) |
| | | Albert Brynjar Ingason | 3 |
| | | (60., Pape Faye | 5) |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild karla*

Fram-Keflavík 5-0
1-0 Jón Guðni Fjóluson (6.), 2-0 Joseph Tillen (13.), 3-0 Halldór Hermann Jónsson (54.), 4-0 Halldór Hermann Jónsson (69.), 5-0 Guðmundur Magnússon (89.)

Grindavík-Valur 3-1
1-0 Bogi Rafn Einarsson (9.), 2-0 Páll Guðmunds son (17.), 2-1 Atli Sveinn Þórarinss (61.), 3-1 Gilles Mbang Ondo (81.).

**Það má finna** umfjöllum og vitðtöl úr þessum leikjum inn á Vísir.is.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **15** | **13** | **1** | **1** | **43-12** | **40** |
| KR | 14 | 8 | 3 | 3 | 30-18 | 27 |
| **Fylkir** | **15** | **8** | **2** | **5** | **24-16** | **26** |
| Keflavík | 15 | 6 | 6 | 3 | 25-26 | 24 |
| **Stjarnan** | **15** | **7** | **2** | **6** | **34-25** | **23** |
| Valur | 15 | 6 | 2 | 7 | 18-27 | 20 |
| **Fram** | **14** | **5** | **3** | **6** | **21-17** | **18** |
| Breiðablik | 15 | 5 | 3 | 7 | 21-27 | 18 |
| **Grindavík** | **14** | **4** | **3** | **7** | **19-28** | **15** |
| ÍBV | 14 | 4 | 2 | 8 | 15-25 | 14 |
| **Fjölnir** | **15** | **3** | **3** | **9** | **18-29** | **12** |
| Þróttur | 15 | 3 | 2 | 10 | 19-37 | 11 |

### *Pepsi-deild kvenna*

Afturelding/Fjölnir-Breiðablik 0-2
0-1 Fanndís Friðriksdóttir (24.), 0-2 Fanndís Friðriksdóttir (60.).

### *1. deild karla*

Selfoss-HK 1-2
0-1 Rúnar Már Sigurjónsson (36.), 1-1 Sævar Þór Gíslason (50.), 1-2 Hörður Magnússon (55.)

### *Evrópudeild UEFA*

Basel-KR 3-1 (5-3 samanl.)
1-0 Alexander Frei (29.), 1-1 Björgólfur Takefusa, víti (45.+1), 2-1 Shaqiri (77.), 3-1 Frei, víti (80.).



**VARÐI VÍTI** Gunnleifur Gunnleifsson átti mikinn þátt í sigri HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Toppslagur 1. deildar karla

## HK-ingar unnu á Selfossi í gær

**FÓTBOLTI** HK vann góðan 2-1 sigur toppliði Selfoss fyrir austan fjall í 1. deild karla í gær. HK komst með því upp í 2. sætið og minnkaði forskot heimamanna í sex stig.

Það var Hörður Magnússon sem skoraði sigurmark HK aðeins fimm mínútum eftir að Sævar Þór Gíslason hafði jafnað leikinn.

Rúnar Már Sigurjónsson kom HK yfir í fyrri hálfleik tveimur mínútum eftir að landsliðsmarkvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson hafði varið vítaspyrnu frá Sævari Þór. **- óój**

KR-ingar eru úr leik í Evrópudeild UEFA eftir að Basel skoraði tvö mörk manni undir og tryggði sér sigur, 3-1:

# Erum afar stoltir af okkar frammistöðu

**FÓTBOLTI** Evrópuævintýri KR-inga er á enda eftir dramatískan leik í Basel í Sviss í gær. Basel vann leikinn 3-1 eftir að hafa skorað tvö mörk með þriggja mínútna millibili undir lok leiksins. Svissneska liðið vann því 5-3 samanlagt og komst áfram í næstu umferð.

„Við erum úr keppni en við erum afar stoltir af okkar frammistöðu. Við erum að slá út lið frá Grikklandi og erum langt komnir með að slá út Basel því það var ákaflega stutt á milli,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

KR-ingar voru í góðri stöðu í hálfleik þrátt fyrir að hafa fengið á sig mark eftir 29 mínútur. Björgólfur Takefusa hafði náð að jafna leikinn úr víti í uppbótartíma og Basel-menn höfðu misst mann út af með sitt annað gula spjald fyrir að mótmæla dómnum.

KR-ingar náðu þó ekki að nýta sér að vera manni yfir og það má segja að leikurinn hafi farið frá KR-ingum með þriggja mínútna millibili. Fyrst skoraði Shaqiri á 77. mínútu og svo bætti Alexander Frei við sínum öðru marki í leiknum, nú úr vítaspyrnu á 80. mínútu.



**TVENNA** Alexander Frei sést hér fagna fyrra marki sínu í gær. MYND/MELANIE DUCHENE

„Þegar maður skoðar þessa tvo leiki og við segjum að þessi leikur hafi farið 3-1 þá hefðum við komist áfram með því að halda markinu okkar hreinu á heimavelli eins og við áttum að gera,“ sagði Logi en KR komst í 2-0 í fyrri leiknum. „Það má segja, þegar viðureignin er skoðuð í heild sinni, þá töpuðum við þessari viðureign á heimaleiknum,“ segir Logi.

Logi Ólafsson segir að gríðarlegt leikjaálag á KR-liðinu síðustu sex vikur hafi tekið sinn toll. „Án þess að ég sé að gagnrýna skipulag knattspyrnusambandsins á mótinu almennt þá verðum við að finna þessu einhvern farveg. Ef íslensku liðunum tekst að komast áfram í Evrópukeppninni þá þurfa þau að búa svo um hnútana að það verði skapaður hámarksaðstæður fyrir þau lið að komast áfram.“

Logi er á því að Evrópukeppnin hafi gefið KR-liðinu mikið og að liðið sé miklu betra í dag en það var áður en liðið fór í hana.

„Ég tel bara að við hefðum hugsanlega getað farið lengra ef við hefðum fengið meiri hvíld milli leikja. Því er ekki að heilsa og við ætlum ekki að kenna því um en við vitum að þetta leikjaálag tekur gríðarlegan toll,“ segir Logi.

„Við ætlum að taka það góða með okkur út úr þessari keppni, ekki vera að svekkja okkur yfir því að við höfum kastað frá okkur sigrinum á móti þessu liði,“ sagði Logi. **- óój**




> **Thandie Newton**

„Ég leik oftast konur sem eru í einhverri tilfinningalegri krísu. Konur á versta stað í lífinu - það eru mín hlutverk!"

***Newton fer með hlutverk í kvikmyndinni Sannleikurinn um Charlie sem Sjónvarpið sýnir kl. 23.10 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON NAUT ÞESS AÐ EIGA RÓLEGT KVÖLD HEIMA HJÁ SÉR

# *„Stelpukvöldin" standa ætíð fyrir sínu*

Það átti sér stað lítil helgiathöfn heima í stofunni hjá mér nú í vikunni. Athöfnin var nokkuð látlaus en falleg. Þannig var mál með vexti að ég loks gaf mér tíma til að eyða heilu kvöldi við sjónvarpsgláp eftir langt og gott frí. Strax að kvöldverðinum loknum flýtti ég mér að vaska upp og kalla á köttinn inn (því ég veit fátt betra en að liggja uppi í sófa með mjúkan, malandi kött í fanginu). Því næst gerði ég allt klárt fyrir áhorfið. Ég tók til osta, kex, vínber og súkkulaðistykki og kreisti síðustu dropana úr rauðvínsbeljunni sem hafði verið keypt fyrir verslunarmannahelgina. Ég tendraði á nokkrum kertum, kveikti á lömpum og fór að lokum í allra, allra þægilegustu náttbuxurnar. Sjónvarpsefnið var allt þættir sem flokka má undir heitið „stelpuþættir" og hófst með Ljótu Betty, sem er fallegri að innan en hún er að utan. Næst kom þátturinn um næstu ofurfyrirsætu Bretlandseyja þar sem stelpurnar rífast, skammast og baktala hver aðra á milli þess sem þær keppa sín á milli um sigurverðlaunin (sem er sex síðna tískuþáttur í tímariti sem ég man ekki hvað heitir í augnablikinu og samningur við umboðsskrifstofu). Að lokum var það bandarísk útgáfa þáttarins How To Look Good Naked sem fjallar um það hvernig konur geta litið vel út naktar þrátt fyrir slit og nokkur aukakíló.



Eftir að hafa horft á nægju mína af „stelpuþáttum" og étið mig sadda af ostum og öðru meðlæti ákvað ég að nú væri komið gott af glápi, slökkti á sjónvarpinu og ákvað að halda áfram með bókina sem hafði fylgt mér um Vestfirði um helgina. Ég endaði því „stelpukvöldið" með því að koma mér vel fyrir upp í rúmi með bók, kött (því það er fátt betra en að lesa upp í rúmi með mjúkan, malandi kött sér við hlið) og lesa örlítið fyrir svefninn.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.35 Pepsímörkin** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Popppunktur** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55 Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **21.40 Peep Show** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 Dr. Steve-O** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (e)

**15.35 Leiðarljós** (e)

**16.15 Leiðarljós** (e)

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Bjargvætturinn** (3:26)

**17.35 Snillingarnir**

**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Popppunktur** (Buff - múm)

**21.15 Stjáni blái** (Popeye) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1980 um ævintýri sjóarans hrausta og ástkonu hans, Gunnu stangar. Aðalhlutverk: Robin Williams og Shelley Duvall.

**22.50 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** Stutt samantekt frá keppni á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss.

**23.10 Sannleikurinn um Charlie** (The Truth About Charlie) Bandarísk bíómynd frá 2002. Ung kona í París ætlar að skilja við manninn sinn en kemst þá að því að hann er dáinn og allir peningarnir þeirra horfnir. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Thandie Newton, Tim Robbins og Stephen Dillane.

**00.55 Omagh** (Omagh) Bresk sjónvarpsmynd frá 2004 um eftirköst sprengjuárásar Írska lýðveldishersins í Omagh á Norður-Írlandi 1998 sem varð 29 manns að bana. Aðalhlutverk: Gerard McSorley, Michele Forbes og Brenda Fricker.(e)

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Murderball**

**10.00 Bigger Than the Sky**

**12.00 The Sandlot 3**

**14.00 Murderball**

**16.00 Bigger Than the Sky**

**18.00 The Sandlot 3**

**20.00 Ed TV**

**22.00 The 24th Day**

**00.00 The Da Vinci Code**

**02.25 Mississippi Burning**

**04.30 The 24th Day**

**06.05 Match Point**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone-krakkarnir, Dynkur smáeðla, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.40 Doctors** (7:25)

**10.10 Doctors** (8:25)

**10.40 Jamie At Home** (5:13)

**11.05 Ame$ia** (1:8)

**11.50 Gossip Girl** (22:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (250:260)

**13.25 Wings of Love** (119:120)

**14.10 Wings of Love** (120:120)

**15.05 Deep Sea 3D**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo og Kalli litli kanína og vinir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (12:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (7:22)

**19.45 Two and a Half Men** (20:24)

**20.10 Beauty and the Geek** (2:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni.

▶**20.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**21.20 Hot Shots! Part Deux** Gamanmynd með Charlie Sheen í aðalhlutverki. Forseti Bandaríkjanna biður hörkutólið Topper Harley um aðstoð eftir að þrjár tilraunir til að bjarga hugrökkum dátum úr klóm óvinarins hafa mistekist.

**22.45 Ultraviolet** Framtíðartryllir með Millu Jovovich í hlutverki konu með ofurkrafta. Hún fær það verkefni að vernda dreng sem býr yfir vopni sem ógnað getur framtíð mannkynsins.

**00.10 Behinde Enemy Lines. Axis of Evil**

**01.45 Firewall**

**03.25 The Woodsman**

**04.50 The Simpsons** (7:22)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.45 Stjarnan - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

▶**19.35 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**20.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**21.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**21.30 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

**22.00 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.30 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Aston Villa - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Newcastle - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinnil

**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

**21.50 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.

**22.20 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.

**22.50 Man. Utd. - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**00.30 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.50 What I Like About You** (e)

**19.15 Monitor** (7:8) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (10:48)

**20.10 Greatest American Dog** (9:10) Bráðskemmtilegir bandarískir raunveruleikaþættir þar sem hundar eru í aðalhlutverki.

**21.00 Battlestar Galactica** (17:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.

▶**21.50 Dr. Steve-O** (5:7) Steve-O tekur að sér að „lækna" skræfur, lúða og letingja og reynir að bjarga þeim frá glötun. Hann ferðast á milli með glæsilega hjúkku sér til aðstoðar og skelfir skræfurnar úr skelinni með því að láta viðkomandi taka þátt í bráðfyndnum áhættuatriðum og standast vandræðalegar áskoranir.

**22.20 The Dudesons** (5:8) Fjórir finnskir ofurhugar framkvæma ótúlegustu hluti. Þessir mögnuðu rugludallar hræðast ekki neitt og leggja líf sitt og limi í hættu til að skemmta sjálfum sér og áhorfendum.

**22.50 World Cup of Pool 2008** (11:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.

**23.40 CSI** (15:24) (e)

**00.20 The Dead Zone** (8:13) (e)

**01.10 Home James** (5:10) (e)

**01.40 Online Nation** (2:4)

**02.10 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**02.40 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**03.05 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn ÍNN til Vestmannaeyja. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson

**21.30 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Beauty and the Geek



Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töffaranum og samkvæmisljóninu hjá gáfnaljósinu og hversu fegurðardísin á auðvelt með að skyggnast undir yfirborðið og nota heilann í stað þokkans sér til framdráttar. Leikurinn er auðvitað gerður til þess að þátttakendur víkki sjóndeildarhringinn og uppgötvi á sér nýjar hliðar en skemmtunin er líka fólgin í því hversu spaugilegt það getur verið að sjá fólk þurfa að gera og vera eitthvað annað en það er eða telur sig vera.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### World Cup of Pool 2008

### Skjár einn kl. 22.50

Skjár einn sýnir frá heimsbikarkeppninni í pool í kvöld þar sem mætast lið Íslands og Bandaríkjanna. Það eru þeir Kristján Helgason og Björgvin Hallgrímsson sem keppa fyrir hönd Íslendinga í þessari hörðu keppni og verður spennandi að sjá hvernig þeim gengur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Borgarsögur
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Djassveisla í 20 ár
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (249:260)

**17.15 Hollyoaks** (250:260)

**17.40 The Sopranos** (24:26) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er mafíuforinginn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

**18.25 Big Day** (10:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.

**18.45 Hollyoaks** (249:260)

**19.15 Hollyoaks** (250:260)

**19.40 The Sopranos** (24:26)

**20.25 Big Day** (10:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

▶**21.40 Peep Show** (4:12) Gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri, sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

**22.05 The Summit** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Stórt lyfjafyrirtæki hylmir yfir vísindatilraun sem fór úrskeiðis með því að myrða þá sem geta komið upp um málið. Til að hefna dauða sonar síns ákveður ein móðirin að koma af stað faraldri sem enginn sér fyrir endann á og setur því gjörvallt mannkyn í stórhættu.

**23.35 NCIS** (24:24)

**00.20 Fréttir Stöðvar 2**

**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.10** Only Fools and Horses **10.40** Absolutely Fabulous **11.10** Only Fools and Horses **11.40** Absolutely Fabulous **12.10** My Hero **12.40** After You've Gone **13.10** Only Fools and Horses **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** The Weakest Link **14.55** My Hero **15.25** After You've Gone **15.55** Only Fools and Horses **16.25** Absolutely Fabulous **16.55** Doctor Who **17.55** My Hero **18.25** After You've Gone **18.55** Coupling **19.25** The Black Adder **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Coupling **21.20** The Black Adder **21.55** Doctor Who **22.55** The Jonathan Ross Show **23.45** Coupling

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Aftenshowet med Vejret **10.40** Soren Ryge præsenterer **11.05** En Kongelig Familie **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Fodbolddrengen **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Vilde verden **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! - Linie 3 **19.00** TV Avisen **19.30** Mrs. Doubtfire **21.30** Tatort

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.35** Operasjon sjosproyt **14.50** Litt som deg **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Eddy og bjornen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Tofferud **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Elvis - store oyeblikk **18.40** Texas på Landsskytterstevnet **19.50** Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.10** Solen i ögonen **23.00** 20 sporsmål **23.25** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Friidrottskväll **10.35** AnneMat **11.05** 100 procent bonde **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Packat & klart sommar **15.25** Öringfiske jorden runt **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** På islandshäst i Sylarna **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** Vägen ut **20.45** Stressad, rädd och förbannad **21.15** The Door in the Floor **23.05** Sändningar från SVT24




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég reyni yfirleitt að eiga eitthvað sem ég get gripið á leiðinni út. Banani er algengur morgunmatur og ABT-mjólk, hrein með musli, eða sojabúðingur. Stel honum reyndar frá konunni.“*

Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari.

# Guðjón Bergmann flytur til Texas

„Konan mín er að fara í skiptinám svo við ákváðum bara að slá til og fara öll,“ segir Guðjón Bergmann rithöfundur, fyrirlesari og jógakennari, en í dag flytur hann ásamt fjölskyldu sinni til San Marcos í Texas. Eiginkona Guðjóns, Jóhanna Bóel Bergmann, er á sínu síðasta ári í mastersnámi í alþjóðaviðskiptum og er skiptinámið hluti af því. Saman eiga þau Guðjón börnin Daníel Loga, sex ára, og Hönnu Laufeyju, sem er eins árs.

„Skólinn réði ferðinni í þessu, en staðsetningin er góð upp á það að gera að Jóhanna á ættingja í Houston og við vinafólk í Austin. Við fundum leiguhúsnæði og þar sem það er hægt að leigja allt í Bandaríkjunum leigðum við húsnæði, húsgögn og búsáhöld. Það var því frekar skrítið að pakka engu nema fötum fyrir rúma fjóra mánuði,“ segir Guðjón brosandi, en fjölskyldan flytur aftur heim 19. desember.

Aðspurður segist Guðjón hafa nóg fyrir stafni næstu mánuði. „Mitt plan er í þrennu lagi. Ég ætla fyrst og fremst að vera heima og sjá um börnin og gefa mér meiri tíma í jógaiðkun en ég hef gert síðustu sex mánuði. Ef það gefst tími til ætla ég að skrifa, en það er ekki forgangsatriði. Þegar ég kem heim verð ég svo með jógakennaranám í World Class,“ útskýrir Guðjón og segir flutningana leggjast vel í fjölskylduna. „Það eina er að hitinn þarna í San Marco hefur verið um 40 stig frá því í byrjun júní, en þá verður bara miðdegisblundur yfir heitasta tíma dagsins,“ segir Guðjón og hlær. **- ag**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BÚA Í SAN MARCOS** Guðjón segir flutningana leggjast vel í fjölskyldu sína, en þau munu búa í Texas til 19. desember.



**LÁRÉTT**
**2.** nýja, **6.** verkfæri, **8.** gól, **9.** drulla, **11.** rykkorn, **12.** báts, **14.** þíða, **16.** rás, **17.** erfiði, **18.** óðagot, **20.** ullarflóki, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal, **3.** ung, **4.** sykurbráð, **5.** drulla, **7.** læstur, **10.** bein, **13.** blaður, **15.** vingjarnleiki, **16.** iðka, **19.** 2000.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. unga, 6. al, 8. ýlu, 9. for, 11. ar, 12. skips, 14. afísa, 16. æð, 17. púl, 18. fum, 20. rú, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. ný, 4. glassúr, 5. aur, 7. lokaður, 10. rif, 13. píp, 15. alúð, 16. æfa, 19. mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Þráinn Bertelsson.
2. Össur.
3. Arnar Darri Pétursson.



ÓVENJULEGUR DÚETT Finni og Ragnheiður Gröndal syngja dúett í hryllingsmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre. Þau syngja saman lagið It's Oh So Quiet sem Björk tók upp á sína arma og gerði frægt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL: HÁS Í EINN DAG EFTIR ÖSKUR MEÐ DR. SPOCK

# Klikkaður og rómantískur dúett í nýrri hryllingsmynd

Hljómsveitin Dr. Spock og Ragnheiður Gröndal syngja dúett í Bjarkarlaginu It´s Oh So Quiet í hryllingsmyndinni Reykjavík Whale Watching Massacre sem kemur í bíó 4. september.

„Við vorum beðnir um að taka þetta lag með Ragnheiði. Það var sérstakt út af fyrir sig að koma þessum tveimur öflum saman, góðu afli og vondu. Dæmi hver fyrir sig hvort er vont og hvort er gott,“ segir Finni, söngvari Dr. Spock.

Hilmar Örn Hilmarsson, sem sér um tónlistina í myndinni, óskaði eftir þessum óvenjulega dúett. „Hann vildi fá geðveiki frá okkur en fallegt og rómantískt frá henni. Hún er snillingur í því og ég held að þetta hafi tekist vel til. Það er líka heiður að vera í mynd sem Helgi Björnsson leikur í, hvað þá þar sem hann er morðinginn. Holy B, hann er „legend“.“

Finni segir að gaman hafi verið að vinna með Ragnheiði en í laginu sýnir hún á sér nýjar hliðar með öskrum í anda Bjarkar. „Hún hafði orð á því að það væri list að öskra. Það væri ekki samkvæmt bókinni að öskra eitthvað út í loftið því það þyrfti að syngja öskrin. Þetta var mjög fyndið samstarf og skemmtilegt,“ segir hann og hlakkar mikið til að sjá myndina. „Það er ekki oft sem maður sér mynd um einhver fjöldamorð og djöflasýru á Íslandi. Það verður gaman að sjá hvað kemur út úr þessu.“

Ragnheiður hafði einnig mjög gaman af samstarfinu en viðurkennir að hafa átt erfitt með að standast Dr. Spock snúning þegar kom að öskrunum. „Þeir eru meistarar í öskri og með margra ára reynslu í því. Ég var að reyna að ná í skottið á þeim og var reyndar hás í einn dag á eftir,“ segir hún og bætir við að þessi nýja útgáfa sé töluvert frábrugðin útgáfu Bjarkar á laginu. „Allir þekkja þá útgáfu svo vel og eru vanir henni. Við reyndum að vera eins langt frá því og hægt var og ég held að það hafi tekist vel.“

Ný og blóðug stikla úr RWWM var frumsýnd í gær og geta áhugasamir skoðað hana á síðunni Facebook.com/RWWMfilm.

**freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eitt af földum leyndarmálum skemmtanalífs miðborgarinnar er karókíbarinn Live Pub við Frakkastíg. Staðurinn hefur slegið í gegn í sumar og er jafnan pakkfullur um helgar. Verslunarmannahelgin var þar engin undantekning. Þar sást meðal annars í Matthías Guðmundsson Valsara, Ara Magg ljósmyndara og **Ernu Bergmann** sjónvarpsstjörnu. Erna þurfti reyndar að eyða stórum hluta kvöldsins í að útskýra fyrir fólki að frétt sem birtist á Vísi.is um að hún væri með svínaflensu væri byggð á misskilningi.



Á Live Pub, líkt og á öðrum karókíbörum, fær hinn almenni bolur að njóta sín á sviðinu. Um liðna helgi var þó staðurinn fullur af fólki sem er þjóðþekkt fyrir afrek sín á tónlistarsviðinu. Þarna voru til að mynda þeir Bjarni Hall úr Jeff Who?, Ómar Hauksson úr Quarashi og Höskuldur Ólafsson í Ske auk **Urðar Hákonardóttur**, fyrrum söngkonu GusGus. Höfðu einhverjir gesta á orði að það eyðilegði svolítið stemninguna þegar „landslið Íslendinga í söng“ væri farið að einoka míkrafónana.



Ný plata **Björgvins Halldórssonar**, Sígrænir söngvar, hefur slegið í gegn meðal landans. Platan seldist upp hjá útgefanda fyrir verslunarmannahelgina en nýtt upplag mun vera á leiðinni í verslanir.

Fréttahaukurinn **Guðfinnur Sigurvinsson** er að hætta störfum á RÚV og flyst til Düsseldorf í haust. Guðfinnur er vinamargur maður og ætlar að kveðja þá með stæl – með glæsilegu kveðjupartíi á Pósthúsinu-Vínbar – annan föstudag. Veisluna heldur hann með vinkonu sinni Erlu Tryggvadóttur sem er að flytjast til Kaupmannahafnar. Í boðskorti segir að þetta kvöld verði síðasti sénsinn til að „fá sér rækilega í glas og taka trúnó með þeim gömlu næsta árið“. **- hdm**




Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

SKÖTUSELUR • LÚÐUSNEIÐAR
LAXAFLÖK
AÐEINS 1890 kr/kg
tilboðið gildir í dag
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00


# Ein af tíu nýjum skóstjörnum

„Við vissum í raun ekki að þetta yrði svona stórt. Þau ætla að velja einn eða fleiri í lokin og setja hönnunina í framleiðslu fyrir sumarið 2010,“ segir Halldóra Eydís Jónsdóttir. Hún er ein tíu skóhönnuða sem voru valdir til að keppa um „New Shoe Star“ eða nýju skóstjörnuna á vivaladiva.com. Hönnuðirnir keppa innbyrðis og er kosning þeirra á milli á Netinu, en Viva la Diva er stórt fyrirtæki sem selur fjölda merkja undir sínu nafni. Halldóra er á öðru ári í skóhönnun í London College of Fashion.

„Ég er eini Íslendingurinn sem er þarna í skóhönnun í skólanum núna, Guðrún Edda Einarsdóttir var að klára. Þetta er rosalega skemmtilegt nám, mikil vinna og mikil samkeppni. Það er ætlast til þess að þegar maður er búinn að læra alla markaðsfræðina geti maður stofnað sitt eigið fyrirtæki, sem ég stefni jafnvel á að gera.“



**SKÓHÖNNUÐUR** Halldóra lærir skóhönnun í London og keppir um titilinn Nýja skóstjarnan. MYND/SILJA

Halldóra er ein tveggja hönnuða í keppninni sem er ekki frá Bretlandseyjum. „Það kom mér mjög mikið á óvart. Ég hélt að þau myndu ekki velja neinn sem væri ekki breskur, sérstaklega ekki Íslending, það er ekki alveg það besta að vera frá Íslandi núna.“

Halldóra segist ætla að leggja skóhönnun fyrir sig. „Það er eitthvað sem fólki í kringum mig hefði ekki dottið í hug. Ég er alin upp í Mývatnssveit á sveitabæ! Mig langar að fara að vinna fyrir eitthvert fyrirtæki fyrst og öðlast aðeins meiri reynslu, en svo getur vel verið að ég geri bara mitt eigið nú á lokaárinu. Ég er alveg byrjuð að undirbúa það.“ Tilkynnt verður um vinningshafa í september en kosning fer fram á síðunni næstu tvær vikur. **- kbs**


heima
30%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
ÚTSALAN ER HAFIN
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Öndvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
30%
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
30%
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

# Heima

Stundum fær maður óvæntar en hressilegar áminningar um hvað skiptir máli í lífinu. Á dögunum gafst mér tækifæri til að heimsækja þá ágætu borg Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna. Seattle er græn og fögur og státar að mörgu leyti af merkilegri sögu; hún er til dæmis heimaborg Jimi Hendrix, Nirvana og gruggrokksins, útvarpssálfræðingsins Fraisers og spítalasápunnar Grey‘s Anatomy, netverslunarinnar Amazon, kaffikeðjunnar Starbucks, og síðast en ekki síst Bills Gates, stofnanda Microsoft og ríkasta manns í heimi.

**BILL** Gates hefur það gott. Við Washington-vatn hefur hann byggt sér gríðarstórt hús inn í skógi vaxna hlíð. Hann er með um hundrað manns í vinnu á heimili sínu, þar á meðal vopnaða verði sem sjá til þess að forvitnir ferðamenn spilli ekki friðhelgi einkalífsins. Að sögn þeirra sem lóðsuðu mig um borgina hefur hann jafnvel samið við borgaryfirvöld um að þegar hann fer í bíltúr eru umferðarljósin stillt sérstaklega svo hann lendi aldrei á rauðu ljósi.

**Í SEATTLE** má hins vegar finna óvenjulegan minnisvarða um manneskju sem var ekki merkileg vegna þess að hún átti mikla peninga, heldur einmitt fyrir að eiga þá ekki. Kona þessi, Edith Macefield, bjó í litlu einbýlishúsi í smáhúsaþyrpingu. Dag einn keypti verktaki upp allar lóðirnar og ruddi niður húsunum því hann vantaði stað til að geyma ruslabílana sína. Sú gamla þráaðist hins vegar við og neitaði að selja. Árum saman bjó hún því í húsinu sínu innan um tugi ruslabíla.

**NOKKRUM** árum síðar keypti annar stórverktaki lóðirnar af kollega sínum í sorphirðunni. Sá vildi reisa risavaxna líkamsræktarstöð á planinu. Til þess þurfti hann bara að rífa litla húsið sem eftir stóð. Hann bauð þeirri gömlu 100 þúsund dollara. Hún afþakkaði. Þá bauð hann 500 þúsund dollara. Ekki séns. Að lokum bauð hann eina milljón dollara og fékk þá þvert og endanlegt nei. Afleiðinguna má sjá í Seattle í dag: Risavaxna, ferkantaða líkamsræktarstöð með oggulitlu skoti þar sem litla einbýlishúsið stendur enn. Ég hef einu sinni áður séð svona arkitektúr. Í Andrésblaði.

**EDITH** gamla dó í fyrra og merkilegt nokk arfleiddi hún verktakann að litla húsinu. Hann hefur víst fallist á að það fái að standa áfram. Sem er vel, því þetta hús er fágætur minnisvarði um mun merkilegra ríkidæmi en það sem getur keypt mann undan rauðum umferðarljósum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 7. ágúst 2009, 219. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.54 | 13.33 | 22.10 |
| Akureyri | 4.24 | 13.18 | 22.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


